



Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Vakursstaða 2 og Skóga 1, Vopnafirði

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2025/6

Forsíðumynd: Horft er til norðurs frá býlinu Gröf að Vakurstöðum 2.

© Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga.

ISBN 978-9935-9864-0-5

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Aðferðafræði	5
Vakursstaðir og Gröf – ágríp af sögu.....	7
Vakurstaðaland – austan Vesturdalsár	10
Fornleifaskrá	10
Fornbýlið Gröf (Gróf).....	14
Vakursstaðaland vestan Vesturdalsár	20
Fornleifaskrá	20
Skógar – ágríp af sögu	40
Fornleifaskrá	42
Samantekt.....	65
Hættumat.....	68
Heimildaskrá	70

Inngangur

Að beiðni Brims hf. var gerð fornleifaskráning á jörðunum Vakursstöðum 2 og Skógum 1 í Vesturárdal í Vopnafirði. Skráningin er gerð í tengslum við áætlaða skógrækt og náði yfir allt land jarðanna. Tvær vettvangsferðir voru farnar. Fyrri ferðin var dagana 30. apríl - 3. maí 2025 en þá voru skráð lönd Skóga 1 og stærstur hluti Vakursstaða 2.¹ Síðari ferðin var 27.-28. júní en þá var gengið svæðið upp að Vesturárdalshálsi sem var enn undir snjó í fyrri ferðinni. Skráning á vettvangi og skýrslugerð var í höndum Bryndísar Zoëga, landfræðings og Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings.

Árin 2005 og 2008 skráðu skýrsluhöfundar fornleifar í landi Vakursstaða 2, austan Vesturdalsár, í tengslum við lagningu Norðausturvegar². Uppmælingar og aðrar upplýsingar úr fyrri rannsókn voru nýttar en svæðið var gengið aftur, myndað með dróna og fyrri skráning uppfærð til samræmis við núgildandi staðla um fornleifaskráningu.

Tengiliður við verkkaupa: Sveinn Margeirsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar og loftslagsmála.

Heimildamenn: Valur Guðmundsson frá Fremri-Hlíð, Jörgen Sverrisson frá Vakursstöðum, Sigmar Búi Sigþórsson á Búastöðum og Kristín Jónsdóttir, Skógum.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3417



¹ Sérstök skýrsla kom út á vordögum um afmarkað skógræktarsvæði í landi Vakursstaða, vestan ár. Sjá Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2025).

² Guðný Zoëga ofl, 2005; Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, 2008.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.³

Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. **Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsóknar er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.** [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir og drónamyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar, í þessu tilfelli 3417, og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Minjarnar eru skráðar eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.⁴

³ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

⁴ Frekari upplýsingar um staðla Minjastofnunar Íslands er að finna á heimasíðu stofnunarinnar: <https://www.minjastofnun.is/is/fornleifar/skraning-fornleifa>. Notkun staðlanna er lögbundin.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Minjar eru mældar með gnss tæki sem gefur undir metra í skekkju. Afstöðumynd af legu minja er að finna aftast í skýrslunni. Auk þess er tafla í viðauka við skýrsluna með helstu upplýsingum um einstakar minjar: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru fengnar hjá Loftmyndum ehf skv. samningi þar um.



Mynd 1. Horft til norðurs yfir bæjarstæði og tún á Vakursstöðum 2.

Vakursstaðir og Gröf – ágríp af sögu

Vakursstaðaland náði fyrrum frá Selá í Selárdal og um þveran Vesturárdal en bæjarstæðið er norðan Vesturdalsár.

Vakursstaðir koma fyrst fyrir í jarðakaupabréfi Ljósstaða frá 1453⁵. Árið 1686 var jarðardýrleiki metinn 13 hundruð og 80 álnir en hafði lækkað í 12 hundruð árið 1695 og var svo enn árið 1847.⁶ Jörðin var að jafnaði tvíbýl fram á 20. öldina og þríbýl eftir miðja öldina.⁷ Nýbýlin Vakursstaðir 2 og 3 voru stofnuð árin 1953 og 1960. Vakursstöðum 2 tilheyrði þriðjungur úr Vakursstaðalandi og hálf Grafarland en Vakursstöðum 3, hálf Grafarland auk ræktaðs lands í kringum íbúðarhúsið í heimatúni.⁸ Skráningin nær einungis yfir þann hluta sem tilheyrir Vakursstöðum 2 sem í dag er í eigu Brims hf.

Í fasteignamati 1916-1918 eru hlunnindi jarðarinnar sögð silungsveiði „til búdryginda“ og mótak var bæði nærtækt og vel nothæft. Torfrista var aftur léleg og skortur var á grjóti til bygginga.⁹

⁵ Íslenskt fornbréfasafn V, bls. 111.

⁶ Björn Lárusson, 1967, bls. 309; J. Johnsen, 1847, bls. 351.

⁷ Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. www.manntal.is; Sveitir og jarðir, I. bindi, 1974, bls. 96.

⁸ Sveitir og jarðir, I. bindi, 1974, bls. 96.

⁹ Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 140-142, nr. 257.

Fornbýli og selstaða

Nyrst og austast í landi Vakursstaða 2 eru tóftir fornbýlisins Úlfsstaða. Engar heimildir eru um búsetu þar og óvíst hvenær jörðin var í byggð. Selstaða var á Selhrygg á Vesturdalshálsi.¹⁰ Við vettvangsskráningu fundust garðlög og tóftir skammt frá bæjarstæði Vakursstaða 2 sem gætu verið annað fornbýli en þess er þó hvergi getið í heimildum.

Gröf

Gröf, sem var austan Vesturdalsár, var áður sjálfstæð jörð en hennar er fyrst getið í jarðakaupabréfi frá 1497.¹¹ Grafar er getið neðanmáls í jarðatali frá 1847 þar sem segir að 1804 hafi jörðin verið yrkjuð frá Vakurstöðum og í sóknarlýsingu frá 1840 segir að hún sé leigð til útheyslæгна frá ýmsum bæjum.¹² Hvort jörðin hafi þá verið komin í eigu Vakursstaða er óljóst en virðist ólíklegt þar sem jarðarmat Vakursstaða er það sama 1695 og 1847 eins og fram kemur hér að ofan. Gröf var metin 10 hundruð að dýrleika árið 1686 en 6 hundruð árið 1695.¹³ Jörðin er ekki í manntali frá 1703 en 1785 bjuggu í Gröf hjónin Björg Þorvaldsdóttir og Hjörleifur Jónsson ásamt fjórum börnum sínum.¹⁴ Prestur getur þess í sóknarlýsingu Hofssóknar frá 1840 að jörðin hafi ekki verið byggð síðan í Móðuharðindunum.¹⁵ Björg og Hjörleifur hafa því verið síðustu ábúendur á jörðinni en árið 1786 eru þau skráð til heimilis á Búastöðum.¹⁶

¹⁰ Sveitir og jarðir, I. bindi, 1974, bls. 96.

¹¹ Íslenskt fornbréfasafn VII, bls. 345.


¹² J. Johnsen, 1847, bls. 351; Finnur N. Karlsson ofl., 2000, bls. 51.

¹³ Björn Lárusson, 1967, bls. 309.

¹⁴ Þjóðskjalasafn Íslands. Sóknarmanntöl (1785). <https://salnaregistur.manntal.is/>

¹⁵ Finnur N. Karlsson ofl., 2000, bls. 51.

¹⁶ Þjóðskjalasafn Íslands. Sóknarmanntöl (1786). <https://salnaregistur.manntal.is/>



Mynd 2. Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu og skráðum minjum í landi Vakursstaða 2. Hvít brotalína afmarkar land jarðarinnar norðan og austan Vesturdalsár.



Mynd 3. Túnakort Vakursstaða (tekið af heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands www.heimildir.is) frá fyrri hluta 20. aldar, lagt yfir nýlega loftmynd. Bærinn stóð örlítið ofan við íbúðarhúsið á Vakursstöðum 1 en túnið var beggja vegna bæjarlækjar sem rann í gegnum það mitt. Engin útihús eru teiknuð á túnakortið. Á myndinni eru eftirstandandi leifar túngarðsins teiknaðar með hvítri línu.

Vakurstaðaland – austan Vesturdalsár

Fornleifaskrá

Vakurstaðir-3417-001

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 390m SA og upp frá Norðausturvegi er heytóft. Hún er í mólendi austan mýrar, neðan við brekku.

Lýsing

Heytóftin snýr NV-SA og er 4,5x2,5m að utanmáli. Veggir eru 20-30cm háir og 40cm þykkir.



Mynd 4. Heytóft [3417-001]. Horft er til N.

Vakurstaðir-3417-002

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Grjóthrúga er nyrst á mosagróinni hæð 510m SA frá Norðausturvegi.

Lýsing

Varðan er hrunin og er vart meira en grjóthrúga. Hún er um 40cm á hæð.



Mynd 5. Hrunin varða [3417-002]. Horft er til NV.

Vakurstaðir-3417-003

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Hrunin varða er nyrst á mosagróinni hæð um 650m SA frá Norðausturvegi.

Lýsing

Varðan er lítil og hleðslan óvönduð, um 40cm há. Grastoppur vex á vörðunni.



Mynd 6. Varða [3417-003]. Horft er til A.

Vakursstaðir-3417-004

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Varða er efst á hæð, tæplega 690m SA frá Norðausturvegi.

Lýsing

Varðan er vel hlaðin og stendur ágætlega. Hún 60cm að þvermáli og 70cm há.



Mynd 7. Varða [3417-004]. Horft er til NV.

Vakursstaðir-3417-005

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir


Varða er á Selfjalli, á merkjum Búastaða, Vakursstaða, Hofs og Deildarfells.

Lýsing

Varðan er 1x1,3m að grunnmáli og 150cm há. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti og stendur ágætlega.

Aðrar upplýsingar

Vörðunnar er getið í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 1).



Mynd 8. Varða [3417-005] á toppi Selfjalls. Horft er til NA.

Vakursstaðir-3417-006

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Norður af Selfjalli er ónefnt vatn og á mel, V af norðurenda þess er hleðsla.

Lýsing


Hleðslan er 75x60cm að grunnmáli og 20cm há. Steinalögnin virðist manngerð en hlutverk er óljóst en þetta gætu verið leifar hruninnar vörðu.



Mynd 9. Varða [3417-006] á toppi Selfjalls. Horft er til NA.



Mynd 10. Tóft [3417-007]. Horft er til SSV.



Vakursstaðir-3417-007

Hlutverk: Óþekkt, stekkur?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan undir grónum mel, 690m SA af Norðausturvegi er tóft.

Lýsing

Tóftin sem byggð er upp við gróna melbrekku, er algróin mosa og lyngi og virðist fremur gömul. Hún snýr NNA-SSV og er 12,5x4m að utanmáli. Veggir eru 20-40cm háir og tæpur metri á breidd. Þeir eru skýrir sunnan til en norðurendi óljósari og þar eru veggir hornir á kafla. Tóftin er tvískipt, minna hól til suðurs en stærra til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Útlit tóftar minnir á stekkjartóft og hefur þetta þá væntanlega verið stekkur frá Gröf en þangað eru um 1,2km í beinni loftlínu.

Vakursstaðir-3417-008

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á lítt grónum mel, 430m SA af Norðausturvegi er grjóthrúga, mögulega hrunin varða.

Lýsing

Hrúgan er mynduð af fremur stóru grjóti og er um 50cm há. Líklegt verður að teljast að þetta hafi verið varða sem nú er hrunin.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega hefur þetta verið varða við leiðina [3418-010] yfir hálsinn milli Vesturárdals og Hofsárdals.



Mynd 11. Varða [3417-008]. Horft til N.

Vakursstaðir-3417-009

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á aflöngum melhól, um 220m SA af Norðausturvegi, er nokkuð umfangsmikil grjóthrúga, mögulega hrunin varða eða byrgi. Hún er 25m innan (austan) við merkjagirðingu við Búastaði.

Lýsing

Grjóthrúgan er 150x120cm að grunnmáli og mest 50cm há. Austurbrúnnin er reglulegri en restin af hrúgunni sem gæti bent til að varðan hafi fallið til vesturs. Fast sunnan við aðalhrúguna er önnur minni sem líklega er tengd þeirri fyrri.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óvíst en nálægðin við merkin gæti bent til þess að þetta sé hrunin landamerkjavarða en hún er í nokkuð beinni línu við vörðuna á Selfjalli [3417-005].



Mynd 12. Varða [3417-009]. Horft til NNV.

Vakursstaðir-3417-010

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Götur liggja yfir hálsinn milli Vesturárdals og Hofsfárdals. Þær liggja frá vestri, frá merkjum við Búastaði, til SA, NA við Selfjall og í átt að bæjunum Deildarfelli og Felli.

Lýsing

Leiðin var að hluta skráð á vettvangi og að hluta af loftmynd. Hún er rúmlega 700m löng innan skráningarsvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður sagði að á þessari leið hafi verið rekið fé yfir hálsinn, sem komið var með af afrétt, að skilarétt í landi Fells (munnleg heimild: Valur Guðmundsson, 16.05.2025).



Mynd 13. Götur [3417-010] sést hér neðarlega á mynd. Horft er til N.

Vakursstaðir-3417-011

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Kirkjuvegurinn að Hofi lá frá Gröf til SV, yfir í Búastaðaland og þar yfir hálsinn og í átt að Hofi.

Lýsing

Leiðin var að hluta skráð á vettvangi og að hluta af loftmynd. Þær eru um 1,2km langar innan skráningarsvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 3) segir „Grafarás beint uppaf Gröf að Grafarskotum, sem eru mýraskot framan við hann. Kirkjulág beint fram af skotunum, er kirkjuvegurinn að Hofi liggur um”. Samkvæmt Sigmari Búa Sigbórssyni á Búastöðum (Munnleg heimild: 19.05.2025) eru göturnar mjög djúpar í landi Búastaða.

Vakursstaðir-3417-012

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 1) eru lýsingar á landamerkjum. Þar segir: „frá vörðunni á Selfjalli [3417-5] og eftir Fellsás í vörðu á Flöguhrauni”.

Aðrar upplýsingar

Varðan fannst ekki við skráningu í maí 2025.

Fornbýlið Gröf (Gróf)



Mynd 14. Gröf. Horft til SA. Til vinstri eru beitarhús frá Vakurstöðum sem líklega standa á tóftum bæjarhúsa í Gröf. Þær minjar tilheyra Vakurstöðum III. Til hægri er beitarhúsatóft [3417-049] á hól sem umkringdur er garðlagi [3417-050].

Vakursstaðir-3417-048**Eldra númer: 156534 35-29****Hlutverk:** Brú**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Um 200m SA frá beitarhúsunum í Gröf er torfbrú yfir Grafarlæk.

Lýsing

Brúin er 9m löng og 2m á breidd og liggur N-S. Neðri (V) hlið hleðslunnar er 60cm há en efri hliðin (A) er 10-40cm há.



Mynd 15. Torfbrú [3417-048]. Horft er til A.

Vakursstaðir-3417-049**Eldra númer: 156534 35-13****Hlutverk:** Beitarhús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Sunnan beitarhúsanna í Gröf og sunnan Grafarlækjar er stór hóll, Grafarhóll, og í brekku, NV-vert á honum er beitarhúsatóft.

Lýsing

Tóftin er 25x17m að utanmáli og hafa líklega verið tvær krær og garði og hlaða eða heytóft aftan við. Tóftin snýr NV-SA.


Mesta hæð veggja er um 2m að innanverðu og mesta breidd er einnig um 2m. Tóftin er algróin og þýfð en sér í grjóthleðslur í veggjum sem eru nokkuð hrundar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 2) segir: „Gróf (gamla býlið) framan við hann [Grafarlæk], nú beitarhús, með túni í kring.“ Þó beitarhúsatóftin sé mögulega byggð á eldri minjum virðist sennilegra að bærinn hafi verið þar sem uppistandandi beitarhúsin eru, norðan lækjar.

Fyrri rannsóknir

Áður skráð árið 2005 og birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði* eftir Bryndísi Zoëga, Guðmund St. Sigurðarson og Guðnýju Zoëga. 2005/47.



Mynd 16. Beitarhúsatóft [3417-049]. Horft er til SA. Hægra megin á hólnum sést í túngarð [3417-050].

Vakursstaðir-3417-050**Eldra númer: 156534 35-32****Hlutverk:** Túngarður,
vörslugarður**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Grafarhóll er nokkuð umfangsmikill hól (120x90m), sunnan Grafarlækjar og beitarhúsanna á Gröf. Umhverfis hólinn er tún- eða vörslugarður.

Lýsing

Garðurinn er í heild 290m langur og nær nánast umhverfis hólinn.

Hann er vel greinilegur nema á

kafla að V og NV, framan við beitarhúsatóft [3417-049], þar sem hann er mjög þýfður.

Fyrri rannsóknir

Áður skráð árið 2005 og birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði* eftir Bryndísi Zoëga, Guðmund St. Sigurðarson og Guðnýju Zoëga. 2005/47.



Mynd 17. Túngarður [3417-050] utan um Grafarhól og hægra megin við miðja mynd er beitarhúsatóft [3417-049]. Horft er til SV.

Vakursstaðir-3417-051**Eldra númer: 156534 35-32****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**


Á suðurbakka Grafarlækjar, 125m V af beitarhúsunum í Gröf er tóft.

Lýsing


Tóftin sem er tvískipt er algróin og nokkuð þýfð. Hún snýr NV-SA og er 8x5m að utanmáli. Veggir eru 50cm háir og 70-100cm breiðir. Það virðast vera tvennar dyr, aðrar á minna hólfinu sem snúa til S, hinar á stærra hólfinu og snúa til SA.

Fyrri rannsóknir

Áður skráð árið 2005 og birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði* eftir Bryndísi Zoëga, Guðmund St. Sigurðarson og Guðnýju Zoëga. 2005/47.



Mynd 18. Tóft (3417-051).



Mynd 19. Tóft (3417-52). Á mynd til hægri er horft til ANA yfir tóftina.

Vakursstaðir-3417-052

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 15m austan við veginn sem liggur upp á Öskumelinn norðanverðan og 160m SV frá beitarhúsunum í Gröf er tóft.

Lýsing

Tóftin er gömul að sjá, vaxin grasi og lyngi. Hún er 5,5x4m að utanmáli og liggur NV-SA. Veggir eru jarðsokknir, 20-50cm á hæð, og um 80cm á þykkt. Dyr hafa vitað í N.

Vakursstaðir-3417-053

Eldra númer: 156534 35-37

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

NA undir Öskumel, 240m SV frá beitarhúsunum í Gröf er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 8x6m að utanmáli og snýr NA-SV. Hún er grasi gróin og mjög þýfð. Veggir eru 40cm háir en erfitt að meta breidd þar sökum þess hve tóftin er þýfð.

Fyrri rannsóknir

Áður skráð árið 2005 og birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði* eftir Bryndísi Zoëga, Guðmund St. Sigurðarson og Guðnýju Zoëga. 2005/47.



Mynd 20. Mótóft [3417-053]. Horft til A.

Vakursstaðir-3417-054**Eldra númer: 156534 35-36****Hlutverk:** Mógeymsla**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í mýrarsundi, 280m SV frá beitarhúsunum í Gröf, NA undir Öskumel eru mógrafir [3417-056] og fast NV við þær eru tvær mótóftir, hlið við hlið.

Lýsing

Nyrðri tóftin er 7x5m að utanmáli, veggir algrónir og þýfðir. Þeir eru 20-50cm háir og innan við metri á breidd.

Fyrri rannsóknir

Áður skráð árið 2005 og birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði* eftir Bryndísi Zoëga, Guðmund St. Sigurðarson og Guðnýju Zoëga. 2005/47.



Mynd 21. Mótóft [3417-054]. Horft til S.

Vakursstaðir-3417-055**Eldra númer: 156534 35-36****Hlutverk:** Mógeymsla**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Í mýrarsundi, 280m SV frá beitarhúsunum í Gröf, NA undir Öskumel eru mógrafir [3417-056] og fast NV við þær eru tvær mótóftir, hlið við hlið.

Lýsing

Syðri tóftin er fremur þúst en tóft, 7x5m að utanmáli, þýfð og grasi gróin. Hún er 30-50cm há.

Fyrri rannsóknir

Áður skráð árið 2005 og birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði* eftir Bryndísi Zoëga, Guðmund St. Sigurðarson og Guðnýju Zoëga. 2005/47.



Mynd 22. Þúst [3417-055] neðarlega til hægri, tóft [3417-054] vinstra megin við miðju myndar.

Vakursstaðir-3417-056**Hlutverk:** Mógrafir**Tegund:** Niðurgroftur**Staðhættir**

Tæplega 300m SV af beitarhúsunum í Gröf eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru 550m² að flatarmáli og rúmlega metri að dýpt þar sem þær eru dýpstar.

Aðrar upplýsingar

Mynd 23. Mógrafir (3417-056). Horft til SV.

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 97) segir: „Mótekja nothæf”.

Vakursstaðir-3417-057

Eldra númer: 156534 35-29

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Lambhaga, 70m V af suðurenda Öskumels og tæpa 30m V af Ytri-Hlíðarvegi er heytóft.

Lýsing

Tóftin er 6x4,5m að utanmáli, snýr NV-SA og virðist tvískipt. Veggir eru algrónir grasi. Veggir eru 25cm háir og innan við metri á breidd.

Aðrar upplýsingar


Efnið í tóftina hefur verið stungið upp umhverfis hana og eru þrír, 15-20cm djúpir niðurgreftir til merkis um það.

Fyrri rannsóknir

Áður skráð árið 2008 og birtist í skýrslunni *Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði* eftir Bryndísi og Guðnýju Zoëga. 2008/77.

Vakursstaðaland vestan Vesturdalsár

Fornleifaskrá



Mynd 24. Túnið á Vakursstöðum árið 1945. Þá var túngarður [3417-013] utan um allt túnið en aðeins lítill hluti er eftir í dag, merktur með hvítu, eins og sést á meðfylgjandi loftmynd sem tekin er í september 1946 (AMS52-2-2-136).

Vakursstaðir-3417-013

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Nyrst og vestast (efst) í gamla heimatúninu á Vakursstöðum eru leifar gamla túngarðsins sem bæjarlækurinn rennur í gegnum. Sá hluti garðs sem er austan lækjarins tilheyrir nú Vakursstöðum 2.

Lýsing

Garðlagið er tæplega 40m langt og liggur frá bæjarlæknum til austurs niður túnið. Það stendur þökkalega en þó er eitthvað hrunið úr því. Mesta hæð er 100cm og breidd neðst er rúmlega metri. Garðlagið er algróið grasi.




Mynd 25. Túngarður [3417-013] á Vakursstöðum 1. Horft er til austurs.

Aðrar upplýsingar

Framhald er á túngarðinum vestan lækjar í þeim hluta túnsins sem tilheyrir Vakursstöðum 1. Hann var ekki skráður á vettvangi en teiknaður upp af loftmynd. Vel má vera að stærri hluti túngarðsins sé varðveittur vestan lækjarins. Lítil rétt eða tóft [3417-014] er byggð upp við túngarðinn ofanverðan. Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 97) er getið um túngarða: „Frá s.hl. 19. aldar áveitugarður í Grafarnesi, vörslugarðar um tún (nú flestir horfnir fyrir tímans ýtutönn), nátthagi í Bæjarnesi, þaksléttur nokkrar og græðisléttur unnar með handverkfærum.“ Þar segir einnig að upp úr aldamótum hafi verið girt á garða með gaddavír.



Mynd 26. Tóft [3417-014]. Horft til S.



Vakursstaðir-3417-014

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nyrst og vestast (efst) í gamla heimatúninu á Vakursstöðum eru leifar túngarðs [3417-013], við V enda, að utanverðu, er lítil tóft. Þessi hluti tilheyrir nú Vakursstöðum 2.

Lýsing

Tóftin er byggð upp við túngarðinn sem nýttur er sem suðurveggur hennar. Veggir eru algrónir mosa og grasi. Þeir eru svolítið hrundir, 80cm að breidd og 40-60cm háir en túngarðurinn er um 100cm hár. Girt er eftir vesturvegg.

Vakursstaðir-3417-015

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Tóft, niðurgroftur

Staðhættir

Nyrst og vestast (efst) í gamla heimatúninu á Vakursstöðum eru leifar túngarðs [3417-013] og 30m norður af honum, 20m austur frá bæjarlæknum er brunnur.

Lýsing

Brunnur með hlaðinni útbrún, 2,5x1,5m að utanmáli. Hann snýr NA-SV. Hleðslan er 30cm breið og 10-20cm há, algróin og gæti verið leifar brunnhúss. Brunnurinn var byrgður með bárujárnsplötum þegar skráning fór fram. Rúmlega 2m NV við er niðurgroftur með útbrún og vatn í honum. Hann er hringlaga, 2m að þvermáli og hleðslan utan um er 50cm breið og 10-20cm há. Á milli þeirra liggur 2m löng rás eða skurður.



Mynd 27. Brunnur [3417-015]. Á vinstri mynd er neðri hluti brunnsins og yfir honum bárujárn, horft til NV. Á hægri mynd er horft yfir efri hluta brunnsins til SA heim að Vakursstöðum 1.

Aðrar upplýsingar

Aldur brunnsins er óþekktur en heimildamaður taldi að hann hefði eingöngu verið fyrir útihúsin sem voru neðan hans. Hann var í notkun fram um 1980 (Munnl. heimild: Jörgen Sverrisson, 01.08.2025).

Vakursstaðir-3417-016

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Nyrst og vestast (efst) í gamla heimatúninu á Vakursstöðum eru leifar túngarðs [3417-013] og neðan við hann eru dældir í túni, leifar útihúsa sem þar stóðu.

Lýsing

Á loftmynd frá 1946 (AMS52-2-2-136) sjást þarna tvenn hús sem nú eru horfin og búið að slétta yfir. Það eina sem eftir sést af austari húsunum eru smá dældir í túninu um 20cm djúpar.

Aðrar upplýsingar

Þessi hús hafa líklega staðið á Lambhúshóli þeim sem getið er í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 4). Þar segir: „Leyningur utan við lækinn, lægra en hitt túnið, Hesthússtún og *Lambhússhóll* ofan til, utan við lækinn, Flötur neðst, framan við lækinn, út og niður af Frambæ, Niðurtún niður af Frambæ, Langhóll ofan við sama, Kvíhóll og Lambhúshóll vestur af bænum; Lambhúshóll út við lækinn”. Líklegast hafa þetta verið fjárhús.



Mynd 28. Útihús [3417-016] stóðu ofarlega í túni en eingöngu sjást óverulegar dældir þar sem húsin stóðu áður. Horft er til SA.

Vakursstaðir-3417-017

Hlutverk: Útihús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Nyrst og vestast (efst) í gamla heimatúninu á Vakursstöðum eru leifar túngarðs [3417-013] og neðan við hann eru dældir í túni, leifar útihúsa sem þar stóðu.

Lýsing

Á loftmynd frá 1946 (AMS52-2-2-136) sjást þarna tvenn hús sem nú eru horfin og búið að slétta yfir. Það eina sem eftir sést af vestari húsunum eru smá dældir í túninu um 10-20cm djúpar.

Aðrar upplýsingar

Þessi hús hafa líklega staðið á Lambhúshól sem getið er í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 4) segir: „Leyningur utan við lækinn, lægra en hitt túnið, Hesthússtún og Lambhússhóll ofan til, utan við lækinn, Flötur neðst, framan við lækinn, út og niður af Frambæ, Niðurtún niður af Frambæ, Langhóll ofan við sama, Kvíhóll og Lambhúshóll vestur af bænum; Lambhúshóll út við lækinn”. Líklegast hafa þetta verið fjárhús.

Vakursstaðir-3417-018

Hlutverk: Hesthús, fjárhús

Tegund: Hús

Staðhættir

Austan við Bæjarlækinn, í landi Vakursstaða 2 er uppistandandi torfhús með hlöðu úr steypu og bárujárn.

Lýsing

Húsið er 8x4,5m að utanmáli og hlaðan 7x3,5m. Það snýr nánast A-V. Útveggir eru hlaðnir og sér í grjóthleðslur en væntanlega hefur líka verið torf í veggjum. Á framhlið



Mynd 29. Hesthús [3417-018]. Horft er til V.

sem snýr til austurs hefur verið hlaðinn hálfveggur en standandi timburpil efst. Hleðslan er að miklu leyti hrunin þó veggirnir standi að nokkru. Grindin er úr tilsniðnu timbri en stoðir úr rekavið. Yfir árefti er bárujárn og tyrft yfir það. Stoðir eru úr lagi gengnar en grindin þó enn uppistandandi. Steyptur veggur er milli hlöðu og hesthúss. Bárujárn er á þaki hlöðunnar.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum I. (bls. 97) segir að Vakursstöðum 2 fylgi gamalt torfhesthús undir járn. Þetta hús sem enn er uppistandandi hefur væntanlega staðið í Hesthústúni sem getið er í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 4) en þar segir: „Leyningur utan við lækinn, lægra en hitt túnið, Hesthússtún og Lambhússhóll ofan til, utan við lækinn, Flötur neðst, framan við lækinn, út og niður af Frambæ, Niðurtún niður af Frambæ, Langhóll ofan við sama, Kvíhóll og Lambhúshóll vestur af bænum; Lambhúshóll út við lækinn”.



Mynd 30. Horft inn í hesthúsin.

Í Sveitum og jörðum (I. bindi, bls. 97) segir að

1918 hafi hlöður hafi verið fyrir 560 hb. en þá var tvíbýli á Vakursstöðum. Þar segir einnig að

bárujárn hafi verið komið á gripahús um 1930. Húsið er í sjálfu sér ekki fornleifar þar sem það er uppistandandi en þar sem húsið er í grunninn gamalt og notkun þess hætt var ákveðið að hafa það með í skránni. Samkvæmt heimildamanni voru húsin notuð sem fjárhús fram um 1985 (Munnl. heimild: Jörgen Sverrisson, 01.08.2025).



Mynd 31. Útlínur nátthagans [3417-019] sjást neðst í túni, afmarkaðar með hvítri línu. Horft er til NV, heim að bæ á Vakursstöðum 2.

Vakursstaðir-3417-019

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Neðan við Vakursstaði 2 heitir Bæjarnes niður að Vesturdalsá, nú að mestu orðið að túnum. Í túni, 180m SA af bæjarhúsunum eru óglögg ummerki nátthaga (sjá mynd 21), sem annars er búið að slétta yfir og gera að túni.

Lýsing

Búið er að slétta úr torfgarðinum sem umkringdi nátthagann en hann sést á loftmynd frá 1946 (AMS52-2-2-136). Garðurinn afmarkaði svæði sem var um 65x56m eða 0,36ha.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 97) segir að nátthagi sé í Bæjarnesi og í fasteignamati 1916-1918 (bls. 141) að nátthagi gefi af sér um 15 hesta. Mögulegt er að nátthaginn sé sama garðlag og kallað er Finnbogahringur í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 2) en þar segir: „Í því [Bæjarnesi] er blettur, afmarkaður með torfgarði fyrir löngu, er heitir Finnbogahringur”.

Vakursstaðir-3417-020

Sérheiti: Finnbogahringur

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 2) segir: „Í því [Bæjarnesi] er blettur, afmarkaður með torfgarði fyrir löngu, er heitir Finnbogahringur”.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlegt er að Finnbogahringur þessi og náthaginn séu sama fyrirbæri. Annar torfgarður en náthaginn sést ekki á loftmynd frá 1945.



Mynd 33. Vörslugarður eða túngarður [3417-021] og minjar [3417-022-025] innan hans. Horft er til S.

Vakursstaðir-3417-021

Hlutverk: Vörslugarður, túngarður,

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í brekkunni, ofan og innan bæjar á Vakursstöðum 2, 160m VNV frá íbúðarhúsinu er og hólbunga og svæði neðan hennar sem eru umlukin fornlegum garði. Á svæðinu innan garðs eru þrennar greinanlegar tóftir. Svæðið er í jaðri



Mynd 32. Minjar [3417-021-025].

mýrar og er austur hluti þess votlent og garðlög þar jarðsokkin og ógreinilegri.

Lýsing

Í heildina er garðurinn um 280m langur og afmarkar 0,6ha stórt svæði. Hann er greinanlegastur vestan og ofan við hólinn þar sem hann liggur í þurru móa. Hann er hinsvegar sokkinn í mýri á tveimur stöðum, norðan og sunnan hólins. Veggþykkt er breytileg en að jafnaði um 1,5m og hæð allt að 70cm. Um 70cm djúpur niðurgröftur er í garðinn þar sem hann liggur að tóft [3417-024].

Aðrar upplýsingar

Hlutverk þessa gerðis er óþekkt og því fylgja engar sögur. Vera kann að þetta sé gerði utan um einhverskonar nytjaeiningu eða jafnvel fornþýli en engar óyggjandi bæjarleifar fundust þó. Efst á hólnum innan gerðisins er heytóft [3417-022] í þúfnakransi sem gætu verið jarðsokknar tóftir en veggjalög voru þó ekki greinanleg. Neðsti hluti svæðis er í mýri og þar eru ummerki um einhverskonar niðurgröft þannig að sá hluti svæðis er óljósari. Þegar drónamyndir eru skoðaðar gæti garðurinn hafa náð 10m lengra til austurs en augljóst er á yfirborði. Svæðinu virðist skipt upp með garði eða gördum sem mögulega hafa afmarkað minna svæði innan gerðisins. Svæðið gæti þá á einhverjum tíma hafa verið stækkað eða minnkað en garðarnir virðast þó svipað gamlir. Í SA horni svæðisins er tóft sem stendur á upphækkun [3417-022] og því líklega byggð ofan í eldi minjar en ólíklegt er að þar hafi bær staðið vegna mýrlendis.

Vakursstaðir-3417-022

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Í brekkunni, ofan og innan bæjar á Vakursstöðum 2, 195m VNV frá íbúðarhúsinu er tóft við fornan vallargarð [3417-021]. Tóftin er syðst og austast innan gerðisins, á upphækkun.

Lýsing

Tóftin er um 4,5x3,5m að utanmáli og snýr NA-SV.

Veggþykkt er 70cm og hæð um 20cm. Veggir eru algrónir grasi og tóftin þýfð. Í miðri tóftinni er

ferkantaður niðurgröftur sem óvíst er hvort að hefur verið hluti af tóftinni eða seinni tíma framkvæmd. Niðurgröfturinn er um 50cm á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Tóftin viðist við enda á garðlagi [3417-021] sem afmarkar svæðið og virðist yngri. Þegar drónamyndir eru skoðaðar hinsvegar gæti garðurinn hafa náð 10m lengra til austurs en augljóst er á yfirborði og því gæti tóftin hafa staðið innan gerðisins. Tóftin stendur við mýrlendi sem hefur verið grafið í og vera kann að þar hafi verið tekinn mór [3417-025]. Hún gæti þá mögulega hafa verið nýtt til móþurkkunar.



Mynd 34. Tóft [3417-022]. Horft er til S, heim að bæ á Vakursstöðum 1.

Vakursstaðir-3417-023

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku 210m VNV frá íbúðarhúsinu á Vakursstöðum 2 er fornleg tóft innan svæðis sem afmarkað er garðlagi [3417-021]. Tóftin er neðst í brekku sunnarlega innan garðsins.

Lýsing

Tóftin snýr NA-SV og er 7x4m að utanmáli. Veggir eru algrónir og hlaupnir í þúfur, 60cm breiðir og 30-40cm háir.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er óljós á yfirborði en greinilegri á drónamynd sem tekin var af svæðinu.



Mynd 35. Tóft [3417-023] neðarlega á mynd og tóft [3417-024] efst á mynd. Horft er til NV.

Vakursstaðir-3417-024

Hlutverk: Óþekkt, heygeymsla, híbýli?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst á hólí í brekku um 230m VNV af íbúðarhúsinu á Vakursstöðum 2 er tóft efst innan svæðis sem afmarkað með fornum garði [3417-021].

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd upphækkun, 6x5m að utanmáli. Veggþykkt er 40cm og veggghæð 20-30cm. Tóftin er algróin grasi og þýfð og minnir helst á heytóft.

Aðrar upplýsingar

Garðlag [3417-021] liggur að V-hlið tóftarinnar sem mögulega er byggð ofan á garðinn og því yngri. Fast SV við tóftina er slétt flöt sem virðist vera manngerð en engin veggjalög eða annað greinilegt. Umhverfis tóftina er þýft svæði sem gæti tóftir en þó var ekki að sjá nein óyggjandi veggjalög.



Mynd 36. Tóft [3417-024]. Horft til ASA, heim að bæ á Vakursstöðum.

Vakursstaðir-3417-025

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir og lýsing.

Í brekkunni, ofan og innan bæjar á Vakursstöðum 2, 160m VNV frá íbúðarhúsinu er svæði afmarkað með fornum garði. Neðst innan svæðis er um 1000m² niðurgroftur, mögulega mó- eða torftaka.



Mynd 37. Úlfstaðir [3417-026-029, 060].

Vakursstaðir Vakursstaðir-3417-026

Sérheiti: Úlfstaðir

Hlutverk: Híbýli, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 350m NA við íbúðarhúsið á Vakursstöðum 2 er fornþýli með túngarði og tóftum. Þýlið er á grónu nesi, undir brekkurótum, norðan Úlfstaðalækjar. Fyrir miðju túni er aflöng tóft.

Lýsing

Þarna er augljóslega um fleiri en eitt byggingarskeið að ræða. Neðst er aflöng tóft, sem snýr nánast N-S, 24x9m að utanmáli. Ofan á henni er yngri og minni tóft sem snýr eins og sú neðri. Á eldri tóftinni sjást engar greinilegar innbrúnir í norðurenda en í suðurenda eru greinilegar innbrúnir og þar eitt greinilegt hólfið, mögulega tvö. Í yngri tóftinni virðist vera eitt stórt hólfið í miðju. Tóftirnar eru þýfðar og algrónar. Veggir 20-80cm en hæðin er mest á yngri tóft að utanverðu. Frá tóftinni er 20m langur, mjór niðurgroftur til austurs, mögulega traðir.



Mynd 38. Yfirlistmynd af minjum á Úlfstöðum og nágrenni.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort þarna hafi verið bæjartóft eða útihús en þarna eru að minnsta kosti tvo byggingarskeið. Útlit neðri tóftarinnar bendir til að þetta gæti hafa verið skáli. Mögulegt er að yngri tóftin sé ekki híbýli heldur frekar útihús eða jafnvel stór heytóft, sem hafa verið byggð eftir að byggð lagðist af.

Í Sveitum og jörðum (I. bindi, bls. 96) segir: „Hjáleiga eða fornbýli frá V var á Úlfsstöðum skammt na. við túnið. Þar eru rústir og sagnir um byggð, en ekki er vitneskja um ábúendur“. Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 2) segir: „Úlfsstaðanes. Í því eru tættur, sem heita Úlfsstaðir, gamalt býli“.

Vakursstaðir-3417-060

Sérheiti: Úlfsstaðir

Hlutverk: Útihús, heygeymsla


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 350m NA við íbúðarhúsið á Vakursstöðum 2 er fornbýli með túngarði og tóftum. Býlið er á grónu nesi, undir brekkurótum, norðan Úlfsstaðalækjar. Fyrir miðju túni er aflöng tóft [3417-026] og yngri tóft ofan á henni.

Lýsing

Tóftin er 11x8m að utanmáli og snýr nánast N-S. Veggir eru 20-80cm og er hæðin mest að utan. Þeir eru algrónir og þýfðir.



Mynd 39. Tóftir [3417-026 og 060].

Vakursstaðir-3417-27

Sérheiti: Úlfsstaðir

Hlutverk: Híbýli, útihús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 350m NA við íbúðarhúsið á Vakursstöðum 2 er fornbýli með túngarði og tóftum. Býlið er á grónu nesi, undir brekkurótum, norðan Úlfsstaðalækjar. Vestast í túni, á austurbakka Úlfsstaðalækjar er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr nánast N-S og er 21x9m að utanmáli. Hún skiptist í nokkur hólf sem standa sum mishátt sem gæti þýtt að um fleiri en eitt byggingarskeið sé að ræða. Tóftin er þýfð en útlínur eru greinilegar. Veggir eru algrónir en þó sér í grjóti í veggheðslu nyrst í tóftinni. Vegg hæð er 20-70cm og veggbreidd mest um 130cm. Tvennar dyr eru greinanlegar, aðrar til austurs og hinar til suðurs.



Mynd 40. Tóft [3417-027].

Aðrar upplýsingar

Líklegt virðist að þarna þetta sé bæjarhúsatóft. Mögulega er um tvö byggingarskeið að ræða en það er ekki eins ljóst og á tóft [3417-026].

Í Sveitum og jörðum (I. bindi, bls. 96) segir: „Hjáleiga eða fornbylí frá V var á Úlfsstöðum skammt na. við túnið. Þar eru rústir og sagnir um byggð, en ekki er vitneskja um ábúendur“. Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 2) segir: „Úlfsstaðanes. Í því eru tættur, sem heita Úlfsstaðir, gamalt býli“.

Vakursstaðir-3417-028

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 350m NA við íbúðarhúsið á Vakursstöðum 2 er fornbylí með túngarði og tóftum. Býlið er á grónu nesi, undir brekkurótum, norðan Úlfsstaðalækjar. Túngarður er utanum túnið að vestan en horfinn að mestu að sunnan og austan.

Lýsing


Garðurinn er algróinn og liggur frá Úlfsstaðaá í suðri að túnenda í norðri, alls 130m langur. Hann er vel greinilegur en rofinn á köflum. Mest 170cm breiður og 30-50cm hár.

Aðrar upplýsingar

Túnið er um 0,8ha að stærð. Gamall vatnsfarvegur er í gegnum túnið.



Mynd 41. Túngarður [3417-028]. Horft er til suðurs.



Mynd 42. Tóft [3417-]. Á mynd til hægri er horft er til NNV að tóftinni.

Vakursstaðir-3417-029

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 350m NA við íbúðarhúsið á Vakursstöðum 2 er fornbylí með túngarði og tóftum. Býlið er á grónu nesi, undir brekkurótum, norðan Úlfsstaðalækjar. Í brekku, tæplega 10m NV við norðurenda túngarðsins er tóft.

Lýsing

Tóftin sem er tvískipt, er neðst í brekku og snýr NNV-SSA. Hún er 5,5x3,5-5m. Veggir eru 20-40cm háir og 60cm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta lítil stekkjartóft með lambakró til austurs en rétt til vesturs.



Mynd 43. Tóft [3417-029]. Horft til SV.

Vakursstaðir-3417-030

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í hvammi um 550m NA af íbúðarhúsinu á Vakursstöðum 2 og 90m NA af túngarði [3417-028] fornbýlis er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur neðan undir brekku og er gömul að sjá. Til austurs er greinilegt hól með mosa og lyngi grónum veggjum sem eru 20-70cm háir og 120cm breiðir. Það hól er 7x6m að utanmáli og með dyr til suðurs. Vestan við er mögulega annað hól en það er ekki eins greinilegt að lögun og ekki með jafn greinilega útveggi og austari hlutinn.

Aðrar upplýsingar

Mögulega er þetta stekkjartóft en erfitt að fullyrða það.

Vakursstaðir-3417-031

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í hvammi um 550m NA af íbúðarhúsinu á Vakursstöðum 2 og 90m NA af túngarði [3417-028] fornbýlis er tóft [3417-030] og 25m SA við hana er hugsanlega stuttur garður.

Lýsing

Hleðslan er 13m löng og liggur frá norðri til suðurs. Hún er gróin, 20-50cm há og 70cm breið.




Mynd 44. Mögulegt garðlag [3417-031]. Horft er til NA.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óljóst og mögulega er þetta náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 45. Stekkjartóft [3417-032]. Horft er til suðurs.



Vakursstaðir-3417-032

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 700m NA af íbúðarhúsinu á Vakursstöðum 2, 15m sunnan við Hvammslæk sem rennur á merkjum Vakursstaða 2 og Ljósstaða, er stekkjartóft. Tóftin er í smá hvammi neðan við mynni gilsins sem lækurinn rennur eftir.

Lýsing

Tóftin er hlaðin upp við brekku og snýr NA-SV. Lambakróin er norðan til og réttin sunnan og á henni hefur verið hlið til suðurs. Tóftin er 8x3,5m að utanmáli. Veggir eru algrónir og að nokkru hlaupnir í þúfur. Þeir eru 20-60cm háir og 70cm breiðir.

Vakursstaðir-3417-033

Eldra númer: Vakursstaðir
3416-001

Sérheiti: Gildruhóll

Hlutverk: Gildra, kennimark

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Gildruhóll er 980m upp af VNV af Vakursstöðum 2. Efst á melnum er varða sem hefur mögulega verið hlaðin ofan á gamla refagildru.

Lýsing

Varðan er heldur óvönduð um 70cm á hæð og mest um 1m á



Mynd 46. Gildra [3417-033] á Gildruhóli. Horft til A.

breidd í grunninn. Undir vörðunni er aflöng hleðsla, líklega undan tófugildrunni sem melurinn dregur nafn sitt af. Sú hleðsla er um 1m á lengd og um 60cm á breidd, hún er að mestu hulin af vörðunni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 5) segir: „Upp með Ekrulæk að utan er Gildruhóll og Gildruhólsbotn”. Þegar skýrsla vegna fyrri áfanga var snjór á svæðinu og gildran því ekki skráð en í þeirri skýrslu er hún er með númerið [3416-001].

Vakursstaðir-3417-034

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Um 970m VNV frá íbúðarhúsinu á Vakursstöðum 2 er lítil varða.

Lýsing

Varðan er mest um 30cm há og er líklega hrunið úr henni. Hún er um 60x60cm að grunnmáli.



Mynd 47. Varða [3417-034]. Horft til SA.

Vakursstaðir-3417-035

Sérheiti: Hundapúfa?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Yst á hrygg, rétt rúmlega 2km NV af bæ á Vakursstöðum 2 er þúst og á henni steinar.

Lýsing

Þústin er 2x1,5m að utanmáli og snýr NNA-SSV. Hún er 50-60cm há þar sem hún er hæst. Á þúfunni vex mosi og einhver lynggróður. Steinaröð er meðfram þústinni á hluta og nokkrir steinar á norðurenda og virðist það manngert en hlutverk óljóst.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 5) segir: „Framan við Sléttaflóa er Hryggssendi.

Ofan við hann er nafnlaust flóasund. Þá

kemur Hundapúfuhryggur. Á honum yst er há þúfa, að nafni *Hundapúfa*”. Mögulega er þetta Hundapúfan sem nefnd er í örnefnaskránni.



Mynd 48. Þúst [3417-035]. Horft til SSV.

Vakursstaðir-3417-036**Hlutverk:** Torftökustaður**Tegund:** Niðurgroftur**Staðhættir**

Utarlega á Selhrygg, mýri tæplega 2,5km NV frá bæ er torftökusvæði.

Lýsing

Svæðið er 10m² að stærð og mesta dýpt um 20cm.

Aðrar upplýsingar

Líklegast er að þarna hafi verið tekið torf í heytóftir [3417-037 og 038] sem eru þarna skammt frá.



Mynd 49. Torftökustaður sunnan undir Selhrygg (3417-036). Horft er til NA.

Vakursstaðir-3417-037**Hlutverk:** Heygeymsla**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Utarlega á Selhrygg, um 2,5km NV frá bæ eru þrjár heytóftir.

Lýsing

Ysta og jafnframt nyrsta heytóftin er 5,5x4m að utanmáli og snýr NA-SV. Veggir eru metri á breidd og dýpt að innan eru 60cm en tóftin er aðeins niðurgrafin að innan. Að utan eru veggir um 30cm háir. Þeir eru grasi, mosa og lyngi grónir og aðeins hlaupnir í þúfur.



Mynd 50. Heytóft [3417-037]. Horft til NA og sér í Torfastaðanúp í baksýn.

Vakursstaðir-3417-038**Hlutverk:** Heygeymsla**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Utarlega á Selhrygg, um 2,5km NV frá bæ eru þrjár heytóftir. Sjö metra suður af heytóft [3417-037] er önnur heytóft

Lýsing

Tóftin er í heild 8x4m að utanmáli og snýr NA-SV.



Mynd 51. Heytóftir [3417-038 (t.v.) og 037 (t.h.)]. Horft til SV.

Vakursstaðir-3417-039

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Utarlega á Selhrygg, um 2,5km NV frá bæ eru þrjár heytóftir. Þriðja heytóftin er rúmlega 70m SV af heytóftum [3417-037 og 038].

Lýsing

Tóftin er 5,5x3m að utanmáli og snýr NA-SV. Veggir eru aðeins 10-15cm háir og tóftin algróin lyngi en þó vel greinileg.

Aðrar upplýsingar

Tóftin virðist eldri en heytóftir [3417-037 og 038].



Mynd 52. Heytóft [3417-039]. Horft til NA og sér í Torfastaðanúp í baksýn.



Mynd 53. Til vinstri er yfirlitsmynd af seltóftum [3417-040 og 041]. Á mynd til hægri er horft til NA yfir seltóftirnar.

Vakursstaðir-3417-040

Sérheiti: Sel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norður af Sellæk og NV af Selhrygg, 2,6km NV af bæ á Vakurstöðum 2 eru seltóftir. Tóftir eru á tveimur stöðum og eru aðaltóftirnar rúmlega 10m norður af Sellæk.

Lýsing

Seltóftin er þrískipt. Til vesturs eru tvö hólfið og innangengt á milli þeirra og dyr til austurs. Syðra hólfið er 2x2m að innanmáli en nyrðra hólfið heldur stærra eða 5x2m að innanmáli. Austan þess er þriðja hólfið sem er 3,5x1,5m að innanmáli og stendur aðeins hærra en hin

hólfin. Ekki eru greinanlegar dyr á því. Tóftin er í heild 10,5x7,5m að utanmáli og snýr N-S. Hún er að mestu gróin mosa og lyngi en einnig vex á henni gras.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 5) segir: „Þá er nafnlaus flói og Selhryggur. Utan við hann er Sellækur. Yzt á hryggnum er *Sel* (tættur)”. Rústir eru á Selhrygg uppi á flóum á Vesturdalshálsi og sagnir um sel (Sveitir og jarðir, I. bindi, bls. 68).

Vakursstaðir-3417-041

Sérheiti: Sel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norður af Sellæk og NV af Selhrygg, 2,6km NV af bæ á Vakursstöðum 2 eru seltóftir. Tóftir eru á tveimur stöðum og eru aðaltóftirnar rúmlega 10m norður af Sellæk. Um 30m norður af þeim er minni tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NA-SV og er 5,5x5m að utanmáli. Hún er líklega tvískipt. Veggir eru grónir grasi, mosa, lyngi og birki. Þeir eru 20-30cm háir og 80-90cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 5) segir: „Þá er nafnlaus flói og Selhryggur. Utan við hann er Sellækur. Yzt á hryggnum er *Sel* (tættur)”. Rústir eru á Selhrygg uppi á flóum á Vesturdalshálsi og sagnir um sel (Sveitir og jarðir, I. bindi, bls. 68).



Mynd 54. Tóft [041]. Horft er til S.

Vakursstaðir-3417-042

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á Selhrygg, um 220m suður af seltóftunum [3417-040] er smá grjóthrúga við stærri stein.

Lýsing

Grjóthrúgan samanstendur af nokkrum litlum steinum og er augljóslega manngerð.

Aðrar upplýsingar

Hrúgan er við götu [3417-043]. Aldur er óviss og hún gæti mögulega verið yngri en 100 ára og er þá ekki fornleifar samkvæmt lögum.



Mynd 55. Grjóthrúga [3417-042]. Horft er til SV.

Vakursstaðir-3417-043**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Staðhættir og lýsing**

Gata liggur frá NA-enda Selhryggjar, eftir honum miðjum til SV og er greinanleg langleiðina að merkjum við Ytri-Hlíð. Hluti hennar var mældur á vettvangi en restin teiknuð af loftmynd og var hún greinanleg á um 1,2km löngum kafla.



Mynd 56. Gata [3417-043]. Horft til SV.

Minjar sem fundust ekki við skráningu

Vakursstaðir-3417-044**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Heimild

Í ornefnaskrá Vakursstaða (bls. 1) er getið um eftirfarandi landamerkjavörðu: „Þaðan ræður Merkigil í hálsinum og þaðan bein lína í vörðu við Vestradalsá”.

Aðrar upplýsingar

Ekki fannst varða við Vesturdalsá. Þarna er nú skurður á merkjum.

Vakursstaðir-3417-045**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í ornefnaskrá Vakursstaða (bls. 1) er getið um eftirfarandi landamerkjavörðu: „Síðan ræður Vestradalsá til norður landamerkjum Búastaða og Vakursstaða að vörðu á vesturbakka árinna”.

Aðrar upplýsingar

Ekki fannst varða á vesturbakka Vesturdalsár.

Vakursstaðir-3417-046**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í ornefnaskrá Vakursstaða (bls. 1) er getið um eftirfarandi landamerkjavörðu: „Austan megin Vestradalsár – milli Búastaða- og Grófar- (Grafar) lands – frá nefndri vörðu í vörðu við Miðklauf”.

Aðrar upplýsingar

Ekki fannst varða við Miðklauf.

Vakursstaðir-3417-047

Sérheiti: Torfavarða

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vakursstaða (bls. 1) segir: „Vestan Vestradalsár ræður Hvammslækur svo langt sem hann nær til fjalls. Þaðan beint í lág á ásnum (svo í lýsingu Vakursstaðabræðra), beint frá henni í Torfavörðu á Háöldu”.

Aðrar upplýsingar

Þessi varða fannst ekki við skráningu 2025 en óvíst er hvort hún sé innan skráningarsvæðis.

Vakursstaðir-3417-058

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 97) segir: „Frá s.hl. 19. aldar áveitugarður í Grafarnesi, vörslugarðar um tún (nú flestir horfnir fyrir tímans ýtutönn), náthagi í Bæjarnesi, þaksléttur nokkrar og græðisléttur unnar með handverkfærum.

Aðrar upplýsingar

Áveitugarðar fundust ekki við vettvangsskráningu vorið 2025 og þeir sjást ekki á loftmynd frá 1946 (AMS5-2-2-136) en fremur ósennilegt er að búið hafi verið að slétta úr þeim þá.

Vakursstaðir-3417-059

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða (bls. 97) segir: „2 myllutættur við læk í hliðinni”.

Aðrar upplýsingar

Myllutóftir fundust ekki við skráningu vorið 2025. Hugsanlega eru þær í landi Vakursstaða 1 en eins gætu þær verið horfnar.

Vakursstaðir-3417-059

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða (bls. 97) segir: „2 myllutættur við læk í hliðinni”.

Aðrar upplýsingar

Myllutóftir fundust ekki við skráningu vorið 2025. Hugsanlega eru þær í landi Vakursstaða 1 en eins gætu þær verið horfnar.

Vakursstaðir-3417-070

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða (bls. 97) segir: „2 myllutættur við læk í hliðinni”.

Aðrar upplýsingar

Myllutóftir fundust ekki við skráningu vorið 2025. Hugsanlega eru þær í landi Vakursstaða 1 en eins gætu þær verið horfnar.



Mynd 57. Horft er til vesturs, heim að bæ á Skógum 1.

Skógar – ágríp af sögu

Skógar eru utarlega í Vesturárdal, norðan við innanvert Skógalón og skiptist jörðin í dag í Skóga 1 - 3. Jörðin kemur fyrst í jarðatali árið 1686, þá metin á 13 hundruð og 80 álnir. Jarðardýrleiki lækkaði síðar og var metinn 8 hundruð í jarðatölum 1696 og 1847.¹⁷ Í manntali 1703 búa þar hjónin Þórunn Ormsdóttir og Indriði Sigurðsson ásamt þremur börnum, sveitarómaga og einum ótitluðum einstaklingi.¹⁸

Frá miðri 19. öld var stundum tvíbýli á Skógum og var jörðinni þá skipt um bæjarlæk og hlunnindum til helminga.¹⁹ Skógar voru Hofskirkjueign til ársins 1916.²⁰

Í fasteignamati 1916-1918 eru hlunnindi sögð af silungs- og kolaveiði og aðflutningar hægir. Ókostir voru skortur á upprekstrarlandi á afrétt, mótekja var engin, vatnsból óþægilegt og aðfenni að því. Auk þess var hættusamt fyrir sauðfé í grófum, og fannhætt í fyrstu snjóum.²¹


¹⁷ Björn Lárusson, 1967, bls. 309; J. Johnsen, 1847, bls. 351.

¹⁸ Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. www.manntal.is

¹⁹ Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. www.manntal.is; Sveitir og jarðir, I. bindi, 1974, bls. 87.

²⁰ Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 149, nr. 262.

²¹ Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 149-150, nr. 262.




Mynd 59. Yfirlitsmynd af skráðum minjum í landi Skóga 1 í Vesturárdal.



Mynd 58. Á túnakort Skóga er aðeins merktur bærinn, með svörtu, og matjurtagarður er rauðmerktur, norðan hans. Nú bæði horfin.

Fornleifaskrá



Mynd 60. Bæjarstæðið á Skógum og byggingar í heimatúni árið 1945 (AMS19-2-1-111). Þarna er torfbærinn [3417-061] enn uppistandandi og í notkun.

Skógar-3417-061

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli torfbærinn var norðan við núverandi íbúðarhús sem byggt var á árunum 1944-1946 (Sveitir og jarðir I, bls. 88).

Aðrar upplýsingar

Í heimild hér að neðan er þess getið að bærinn hafi verið í notkun til ársins 1956. Hann hefur verið rifinn þá eða fljótlega upp úr því, en árið 1960 eru komnar nýjar byggingar í stað bæjarins. Á túnakorti (mynd 60) má sjá bæinn fyrir miðju túni, vestan bæjarlækjar. Matjurtagarður var SV hans. Í fasteignamati 1916-1918 er lýsing á bænum sem þá samanstóð af portbyggðri fjósbaðstofu (13,5x5,5 álnir að stærð), timburframhúsi (12x6 álnir), búi, eldhúsi og smiðju (Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 150-151, nr. 262). Í búskaparannál Sveita og jarða segir að bærinn hafi verið notaður til ársins 1956. Handunnin rekaviður var í aflviðum og sumum þiljum. Framhúsið var byggt um aldamótin 1900 og árið 1924 var byggð hæð ofan á það og steptir veggir á tvo vegu. Búið var að flytja kýrnar áður en flutt var úr bænum (Sveitir og jarðir I, bls. 88).

Skógar-3417-062

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti (mynd 60) má sjá matjurtagarð SA við bæinn (Túnakort, Helgi Gíslason) líklega á svipuðum slóðum og íbúðarhúsið stendur nú.

Lýsing

Garðurinn er horfinn en hann var staðsettur út frá túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar, gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 87) segir að ætla megi að túngarðar, sáðgarðar og kvíar úr torfi og grjóti séu frá síðari hluta 19. aldar.

Skógar-3417-063

Hlutverk: Útihús, hesthús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á loftmynd frá 1945 (AMS19-2-1-111) sést hús í túninu 50m vestur frá íbúðarhúsinu.


Lýsing

Húsið er horfið í tún og sér aðeins móta fyrir smá dæld sem er um 20cm djúp og 4x6m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Mögulega hefur þetta verið hesthúsið sem getið er um í viðbótum við

örnefnaskrá Skóga, en um það segir að hesthús hafi verið niður af ærhúsum og sunnan við það Hesthúshóll, nú sléttaður. Í fasteignamati 1916-1918 segir að hesthús sé fyrir 8 hesta (Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 150-151, nr. 262). Þessi hús sjást á loftmynd frá 1945 (AMS19-2-1-111) en ekki á loftmynd frá 1960 (DMA37-0664). Heimildamaður, Kristín Jónsdóttir, segir að þetta hafi verið eldra hesthús sem stóð neðan við þar sem yngri sambyggð fjárhús, hlaða og hesthús [3417-065] stóðu.



Mynd 61. Fjárhústóft [3417-065], dæld [3417-063] eru leifar útihúsa og vestast eru óljósar túngarðsleifar [3417-074].

Skógar-3417-064

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á loftmynd frá 1945 (AMS19-2-1-111) sést hús í túnjaðri, 85m SV frá íbúðarhúsinu á Skógum 1.

Lýsing

Búið er að rífa húsið sem stóð utan núverandi túngirðingar og fundust engin ummerki eftir það við skráningu í maí 2025.

Aðrar upplýsingar

Húsin sem sjást á loftmynd frá 1945 (AMS19-2-1-111) sjást ekki á loftmynd frá 1960 (DMA37-0664).

Skógar-3417-065

Hlutverk: Fjárhús, hesthús, hlaða

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna rasks, skurður liggur í gegnum horn tóftarinnar.

Staðhættir

Í túni, tæplega 70m vestur af íbúðarhúsinu á Skógum 1 er fjárhústóft.

Lýsing

Búið er að rífa húsin en grunnmál þeirra sést enn, í annars sléttu túni. Veggir eru 20-40cm háir og 130cm breiðir. Tóftin er gróin en sér í steypu fremst, hugsanlega steyppt fjárbað. Hlaða er til NV. Það sér móta fyrir görðum og króm en erfitt að greina innra fyrirkomulag nákvæmlega.

Þegar skráning fór fram í maí 2025 var

búið að grafa skurði í gegnum suðurhorn tóftar, að því er virtist í tengslum við lagningu vatnslagnar.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati 19161-1918 segir að fjárhúsin hafi verið sex, fyrir 200 fjár og heyllöður fyrir 310 hesta (Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 150-151, nr. 262). Þessi hús sjást á loftmynd frá 1945 (AMS19-2-1-111).

Heimildamaður, Kristín Jónsdóttir, segir þarna hafa verið fjárhús úr torfi og grjóti með áfastri hlöðu. Síðar, líklega á fyrri hluta sjöunda áratugarins, var byggt bárujárnsklætt hesthús við þau og var opið yfir í hlöðuna úr þeim.



Mynd 62. Fjárhúsin [3417-065] voru enn uppistandandi árið 1960 og sjást ofarlega í túni, merkt með appelsínugulu, ofan við bæjarhúsin.

Skógar-3417-066

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hús

Staðhættir

Í túni, 90m NNA af íbúðarhúsinu á Skógum 1 er uppistandandi útihús sem er að hluta úr torfi og grjóti.

Lýsing

Húsið snýr NV-SA og er 12x5m að utanmáli að meðtaldri hlöðu. Langveggir hússins eru hlaðnir úr torfi og grjóti og er grjót neðst en torf ofar. Að öðru leyti eru húsin bárujárnsklædd. Grindin er að mestu úr tilsniðnu timbri, ekki mjög gömul,

en að minnsta kosti ein hliðarstoð er úr rekaviði. Sperrupak er í húsinu, klætt bárujárni. Garðar eru meðfram hliðarveggjum, steyptir að neðan en garðabönd úr timbri. Liggjandi timburpil er milli fjárhúss og hlöðu. Heimildamaður sagði að gert hefði verið við húsin eftir 1970 og þá



Mynd 63. Fjárhús [3417-066], að hluta úr torfi og grjóti. Horft er til A.

steypt í þau gólf, hleðslur lagaðar ásamt fleiru. Eftir það voru húsin notuð fyrir fé á sauðburði og sem skjól fyrir hesta að vetrum (Munnl. heimild: Kristín Jónsdóttir, 02.09.2025).

Aðrar upplýsingar

Í myndatexta á bls. 88 í I. bindi Sveita og jarða segir að eitt fjárhús sé úr blönduðu efni, fyrir 130 fjár. Í fasteignamati 19161-1918 segir að fjárhúsin hafi verið sex, fyrir 200 fjár og heyhlöður fyrir 310 hesta (Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 150-151, nr. 262). Þetta hús sést á loftmyndum frá 1945 og 1960 og hefur hlaðan þá verið með öðru sniði því á myndinni sést að hún er breiðari en fjárhúsin (AMS19-2-1-111; DMA37-0664) en þannig er það ekki nú. Í örnefnaskrá Skóga (bls. 8): „Í túninu eru þessi örnefni: Ytri-Lækur; framan við hann Sauðhúsatunga”. Mögulega hafa þarna einhvern tímann verið sauðahús sem tungan á milli lækjanna er nefnd eftir.

Skógar-3417-067

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Heimild

Staðhættir

Á loftmynd frá 1945 sjást útihús á suðurbakka Ytri-Bæjarlækjar þar sem fjárhúsin standa í dag. Óvíst er um aldur húsanna en ekki ólíklegt að þarna hafi staðið fjárhús sem nú eru horfin vegna síðari tíma bygginga.

Lýsing

Húsin voru hnitsett eftir loftmynd.



Mynd 64. Fjárhúsin [3417-066] eru enn uppistandandi en kartöflugeymslan [3417-068] er orðin að tóft. Á ljósmynd til hægri er horft yfir kofatóftina til A.

Skógar-3417-068

Hlutverk: Kartöflugeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 7m austur af fjárhúsi [3417-066] er kofatóft, á lækjarbakka.

Lýsing

Tóftin er 4,5x2,5m að utanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru 20-50cm háir og innan við metri á breidd. Hún er grasi gróin og var mikil sina á henni þegar skráning fór fram. Í tóftinni sér í smá timbur og bárujárn sem gæti verið af þaki.

Aðrar upplýsingar

Í kofanum sem var í raun jarðhýsi, þ.e. hann var grafinn inn í brekkuna, voru geymdar bæði kartöflur og rófur samkvæmt heimildamanni sem taldi hann hafa verið í notkun fram yfir 1960 eða þar til hann hrundi (Munnl. heimild: Kristín Jónsdóttir, 02.09.2025).



Mynd 66. Neðst á mynd er efsti hluti túnsins á Skógum 1 og þar eru tóftir [3417-069 og 071]. Horft er til ASA.



Mynd 65. Tóft [3417-069]. Horft er til SSA. Til hægri er teikning aftóftum [3417-069 og 0971] og efst til hægri sést í garðlag undan girðingu [3417-075].

Skógar-3417-069

Hlutverk: Heygeymsla?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á tungunni utan við bæjarlækinn, tæplega 20m neðan túngirðingar og 140m NNV af íbúðarhúsinu er lítil tóft, hugsanlega heytóft.

Lýsing



Tóftin sem stendur á smá hól, í aflíðandi brekku, er algróin grasi og mosa. Hún er 3,5x3,5m að utanmáli og virðast vera dyr til suðurs. SA-veggur er óljósari og lægri en aðrir veggir og má segja að hann sé nánast horfinn.

Skógar-3417-071

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á tungunni utan við bæjarlækinn, 35m neðan túngirðingar og rúmlega 110m NNV af íbúðarhúsinu á Skógum 1 er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan afmarkar ferkantað svæði, líklega grunn undan byggingu. Hún snýr NA-SV og er 7,5x3m að utanmáli. Veggir eru 10-30cm háir og 30cm breiðir og frekar reglulegir að lögun. Ekki var greinanlegur veggur til SV.



Mynd 67. Tóft [3417-071]. Horft er til S.

Skógar-3417-116

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á lækjarbakka, 12m norður af NV enda fjárhúsa [3417-066] er hleðsla, líklega leifar af brú yfir lækinn.

Lýsing

Hleðslan er um 2x2m á kant, tvær grjótraðir með stórum steinum. Hún er gróin að ofan en sér í hleðslu mót SA. Hæð er 50-90cm

Aðrar upplýsingar

Aldur er óviss.



Mynd 68. Hleðsla [3417-116]. Horft er til NV.

Skógar-3417-072

Hlutverk: Brunnur?

Tegund: Þúst

Staðhættir

Ofarlega í heimatúninu á Skógum, 160m vestur af einbýlishúsinu er þúst, líklega leifar gamla brunnsins.

Lýsing

Þústin er algróin, 30cm há og um 1,5m í þvermál. Frá henni rennur lækjaspræna niður túnið til SA.

Aðrar upplýsingar



Mynd 69. Þúst [3417-072] í forgrunni. Horft til NA, heim að Skógum 1.

Heimildamaður mundi eftir atviki þar sem drengur sem var á bænum datt ofan í brunninn en þá var timbur yfir honum orðið fúið. Hún taldi að eftir það hafi verið byrgt yfir hann (Kristín Jónsdóttir, 02.09.2025).

Skógar-3417-073

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir


Í túni, tæplega 70m vestur af íbúðarhúsinu á Skógum 1 er fjárhústóft.

Lýsing

Gata lá fyrrum, sunnan við bæjarstæðið á Skógum 1 og niður túnið til SA. Þarna er nú slétt tún en á nýlegri loftmynd sést móta fyrir henni í túninu. Þarna hefur gamla heimreiðin mögulega legið.

Aðrar upplýsingar

Gatan sést á loftmyndum frá 1945 (AMS19-2-1-111) og frá 1960 (DMA37-0664) en þar liggur hún alveg upp að fjárhúsum [3417-] á yngri myndinni er einnig komin önnur heimreið að Skógum 1 og liggur hún frá bænum til NA og síðan austurs þar sem hún kemur inn á Skógaveg.



Mynd 70. Leifar túngarðs [3417-074] sjást sem óljós hryggur í túni, vinstra megin við miðja mynd. Horft er til SV og sést Fremri-Bæjarlækur ofarlega á myndinni. Vinstra megin við túngarðinn er tóft [3417-065]. Efst í túni er að líkindum brunnurinn [3417-072].

Skógar-3417-074

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir og lýsing

Túngarður [3341-074] var um gamla heimatúnið á Skógum. Þessi garður sést aðeins að litlum hluta í dag, sem hryggur í túninu, vestur af bænum. Yngri garður [33417-075] er að hluta meðfram NV-hlið heimatúnsins eins og það er í dag.

Lýsing

Hryggurinn er um 110m langur, 1-1,5m að breidd og mest um 30cm hár. Hann passar ekki við útmörk túnakorts frá fyrri hluta 20. aldar sem bent gæti til þess að túnið hafi verið stækkað.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 87) segir: „Gamalt: Ævagamlar myllutættur við bæjarlækinn skammt ofan við bæ. Frá s.hl. 19. aldar, að ætla má, túngarðar, sáðgarðar og kvíar úr torfi og grjóti. Ekki hefur verið rótað við kvíunum eða myllutóttunum, en hitt horfið”. Túngarðurinn sást við skráningu vorið 2025 en hugsanlegt er að hann sjáist ekki þegar frost er farið úr jörðu.

Skógar-3417-075

Hlutverk: Túngarður, girðing

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlag er meðfram hluta NV-hliðar heimatúnsins á Skógum 1.

Lýsing

Garðlagið er líklega hleðsla undan girðingu fremur en túngarður þar sem þetta er viðbót við túnið eins og það var í byrjun 20. aldar (mynd 60). Það er alls 140m langt, 20-60cm hátt, og breidd er um 60m. Garðlagið er að mestu gróið, það er rofið á köflum og norðurendinn óljós en annars er garðlagið vel greinilegt. Núverandi túngirðing er á hluta garðlagsins en liggur að mestu neðan þess.

Aðrar upplýsingar


Í búskaparannál í I. bindi Sveita og jarða segir: „1908-’34: Þaksléttutími. Jón Jónsson vann flögin með lappaherfi, sem hann smíðaði sjálfur, en síðar notaður plógur og hankmóherfi. Allt túnþýfi þaksléttað.“



Mynd 71. Garðlag [3417-075]. Horft til SV.



Mynd 72. Stekkjartóft [3417-076]. Horft er til NA.



Skógar-3417-076

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á stalli í brekku, tæplega 700m VSV af íbúðarhúsinu á Skógum 1 er stekkjartóft.

Lýsing

Stekkurinn snýr NA-SV í honum eru þrjú greinanleg hólfi. Hann er 17x9m að utanmáli, veggir eru mjög hlaupnir í þúfur, alvaxnir grasi, mosa og lyngi. Mesta þykkt veggja er 2m og mesta hæð ca. 80cm. Sést í hleðslugrjóti í suðurvegg. Nyrst er réttin, 6x6m að innanmáli. Dyr hafa verið á henni til SA. Áföst henni er minna hólfi, líklega lambakróin og innangengt á milli, lambakróin er 4x3m að innanmáli. Áföst sunnan lambakróarinnar er tóft sem snýr NV-SA með dyr til SA. Hún er 6,5x3,5m að innanmáli. Tóftin er að hluta niðurgráfin og hefur grjóti verið hlaðið innan í niðurgröftinn. Þar sem veggir tóftarinnar eru að hluta hrundir gæti verið að réttin hafi verið stærri og að þetta hafi þá verið lambakróin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 3): „Þar fyrir neðan [Hjallann] er Nónhóll, allstór grjóthóll upp af Nónhólsfeta. Utan við Breiðuslægu eru Litlu-Gontur. Í þeim er Stekkurinn”.

Skógar-3417-077

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir


Á grýttri hæð, 810m SV frá íbúðarhúsinu á Skógum 1 er hrunin varða.

Lýsing

Varðan er hlaðin ofan á stóran náttúrustein, hún er 80cm að þvermáli og 60cm há.



Mynd 73. Hrunin varða [3417-077]. Horft er til NA.



Mynd 74. Rétt (3417-078). Á ljósmynd til hægri er horft yfir réttina til SA.

Skógar-3417-078

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Neðan við Skógaveg, á norðurbakka bæjarlækjarins, 260m SSA frá íbúðarhúsinu á Skógum 1 er grjóthlaðin rétt.

Lýsing

Réttin snýr austur-vestur og er 25x7,5m að utanmáli. Austurveggur og hluti norðurveggjar eru horfnir. Þeir veggir sem eftir standa eru 30-70cm háir og tæpur metri á breidd. Þeir eru hlaðnir að hluta til úr nokkru stóru grjóti. Hleðslur eru að mestu uppistandandi en nokkuð þó hrunið úr þeim.

Skógar-3417-079

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Þúst

Staðhættir

Rúmlega 50m austan við Skógaveg, niður við Lónin er þúst.

Lýsing

Þústin sem mynduð er af nokkrum þúfum, snýr NA-SV, er 30cm há og 5x2m að utanmáli. Hún sker sig úr umhverfi og virðist manngerð. Efnið er stungið utan með þústinni.

Aðrar upplýsingar

Þetta gæti mögulega verið náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 75. Mögulega heystæði [3417-079]. Horft er til SV.

Skógar-3417-080**Hlutverk:** Heygeymsla**Tegund:** Tóft**Hættumat:** Tóftin er talin í hættu vegna nálægðar við ruslagryfju**Staðhættir**

Á sléttlendinu upp af Lónunum um 380m A af bæ á Skógum 1 og fast norðan við ruslagryfju er tóft.

Lýsing

Tóftin er um 3,5x3,5m að utanmáli og vel greinanleg. Veggir eru smáþýfðir, 10-20cm háir og 40cm breiðir.



Mynd 76. Tóft [3417-080]. Horft er til NA.

Skógar-3417-081**Hlutverk:** Heygeymsla**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Á sléttlendinu upp af Lónunum, rúmlega 400m A af bæ á Skógum 1 og 15m SA við ruslagryfju sem þarna er, er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x4m að utanmáli og snýr nánast N-S. Hún er algróin grasi. Tóftin er aðeins niðurgráfin. Veggir 20cm háir og 80cm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Fast sunnan við tóftina er þúfnakragi, 11x4m að utanmáli og snýr hann einnig N-S. Ekkert tóftalag sést á honum en hann virðist einnig vera manngerður.



Mynd 77. Tóft [3417-081]. Horft til NNA.

Skógar-3417-082**Hlutverk:** Óþekkt, naust?**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Á sléttlendi, um 30m upp af Lónunum, tæplega 420m austur af bæ á Skógum 1 og 20m austan við ruslagryfju, er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5,5x4m að utanmáli og snýr NA-SV. Hún er algróin grasi og lyngi. Veggir eru 10-20cm háir og 40cm breiðir en tóftin er aðeins niðurgráfin að innan og eru innveggir 30cm háir.

Aðrar upplýsingar

Mynd 78. Tóft [3417-082]. Horft er til SV.

Tóftin eru reglulegri að lögun en heytóftirnar sem eru í nágrenninu og opin í annan endann. Mögulega er þetta tóft af nausti. Í örnefnaskrá Skóga (bls. 7) segir: „Niður við Lónin, fram af barðinu, heitir Naustabali og ofan við hann Naustamór”.

Skógar-3417-083

Hlutverk: Heygeymsla?

Tegund: Tóft

Staðhættir


Sunnan undir mel, tæplega 350m austur af bæjarstæðinu á Skógum 1 er tóft, í jaðri mýrlendis.

Lýsing

Tóftin snýr NA-SV og er 5x3,5m að utanmáli. Veggir eru 20cm háir að utan en aðeins 5-10cm að innan, þeir eru 40cm breiðir. Efnið í tóftina hefur væntanlega verið stungið framan við hana en þar er greinilegur niðurgröftur.



Mynd 79. Tóft [3417-083]. Horft er til SA.



Mynd 80. Til vinstri er teikning af Græna-Stekk [3417-084] og til hægri er drónamynd af stekkknum tekin til suðurs.

Skógar-3417-084

Sérheiti: Græni-Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í SA-horni Nátthagamýrar, tæplega 570m NA af Skógum 1 og 50m norður af nátthaga [3417] er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er 10x9m að utanmáli og snýr NV-SA. Veggir eru nokkuð virkjamiklir, algrónir grasi, mosa og lyngi. Þeir eru 30-80cm háir og 90cm breiðir. Lambakróin er til austurs, hún er herra uppi en réttin sem er að auki aðeins niðurgráfin. Torfið í veggj hefur mögulega verið tekið umhverfis tóftina. Hlið hefur verið á réttinni við SA-horn og innangengt á milli króar og réttar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 7): „Ofan við Beitarhúsatorfu heitir Hestasund. Framan við það heitir Stórhvammur. Ofan við hann heitir Nátthagamýri og ofan við hana Rekstrarmelur. Syðst í horni Nátthagamýrar er Græni-Stekkur og sunnan við hann er Ytri-Nátthagagróf. Sunnan við hana er Nátthaginn”.



Mynd 81. Nátthaginn [3417-085], nú sléttað tún en garðlagið sem afmarkaði hann hefur varðveist að hluta. Horft er til austurs. Appelsínugular örvar benda á garðlagið.

Skógar-3417-085

Sérheiti: Nátthagi

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Neðan Skógarvegar, 400m NA frá bæ á Skógum eru leifar nátthaga.

Lýsing

Sá hluti garðsins sem hefur varðveist er alls 250m á lengd. Túnið sem garðurinn umlykur er á milli lækjargilja að norðan og sunnan og stórt gil er einnig austan þess. Garðlagið er grasi gróið og víða stæðilegt, 30-120cm hátt, hæst að utanverðu, og um 100cm breitt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 7): „Ofan við Beitarhúsatorfu heitir Hestasund. Framan við það heitir Stórhvammur. Ofan við hann heitir Nátthagamýri og ofan við hana Rekstrarmelur. Syðst í horni Nátthagamýrar er Græni-Stekkur og sunnan við hann er Ytri-Nátthagagróf. Sunnan við hana er Nátthaginn”. Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 87) segir: „Stuttu fyrir aldamót hlaðinn torfgarður um nátthaga fyrir markaðsfé norðan Sandvíkurheiðar á leið til skips á Vf”. Í viðbótum við örnefnaskrá (bls. 2) segir: „Djúpagró, skammt austan við heimatúnið, en framan við Nátthagann.“

Skógar-3417-086

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Reiðgötur eru á nokkrum stöðum á sléttlendinu neðan Skógavegar og meðfram árkíl, svonefndri Lænu. Þær eru vel greinanlegar á köflum en eru víða horfnar. Nokkuð blautt er þarna meðfram ánni. Samkvæmt heimildamanni lágu reiðgöturnar meðfram og fjörulóninsborði lónins til NA út sveitina (Munnl. heimild: Kristín Jónsdóttir, 02.09.2025). Syðst í landi Skóga 1 er upphlaðinn vegur í framhaldi af reiðgötunum, 215m að lengd. Hann er mest um 4m að breidd. Vera kann að sá hluti hafi verið akfær. Hann liggur meðfram Vesturdalsá að vestan.



Mynd 82. Götur [3417-086]. Horft er til N.

Aðrar upplýsingar

Í viðbótum við örnefnaskrá Skóga (bls. 3) segir: „Gullgrjót. Þar á standa Grjót. Þau eru stórir steinar, sem áður flæddi upp undir og gat orðið í kvið á hesti. Hestagatan var neðan við Grjótin.“

Skógar-3417-087

Hlutverk: Vað

Tegund: Vað

Staðhættir og lýsing

Vað er á Vesturdalsá um 960m SSV af bæ á Skógum og var riðið yfir þá og í Skógahólma en austan við hann er Kíllinn. Þetta er líklegavað sem getið er í heimild hér að neðan. Vaðið var staðsett eftir lýsingum heimildamanns og út frá slóð sem liggur að ánni á þessum stað (Munnl. heimild: Kristín Jónsdóttir 02.09.2025). Gera má ráð fyrir skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 2): „Upp af vaðinu á Vestradalsá er Kílsbakki“. Vaðið var fari þegar farið var yfir um Skógahólma og yfir á Vopnafjörð en einnig var æðarvarp í Hólmanum.

Skógar-3417-088

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni voru reiðgötur frá Skógum 1 inn og upp frá bæ og lágu þær brekkurnar og yfir í land Torfastaða, meðfram Torfastaðanúpnum og áfram yfir í Selárdal.

Lýsing

Reiðgötur sjást á nokkrum stöðum í brekkunum inn af bæ og eru nokkuð skýrar á köflum en illgreinanlegar eða ekki greinanlegar annars staðar. Göturnar lágu inn frá bæ og á ská upp brekkurnar og síðan var riðið eftir brúninni þar til komið var að læk í landi Torfastaða. Þaðan var riðið upp með læknum að Torfastaðanúpi og síðan meðfram Núpnum.

Skógar-3417-089

Sérheiti: Bjarnaheystæði?

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1100m SSV af Skógabæ eru tvennar heytóftir í móa neðan þjóðveggar. 30m eru á milli tóftanna.

Lýsing

Syðri tóftin snýr NNA-SSV og er 3x1.5m að utanmáli. Veggir óverulegir, um 20cm á hæð og 30cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Þetta gæti verið Bjarnaheystæði það sem nefnt er í viðbótum við örnefnaskrá (bls. 1): „Á eftir Netlögn vantar Bjarnaheystæði; það er upp af Netlögn á holti utan við Stórumýri, niðri undir bakka.“



Mynd 83. Heytóft [3417-089]-. Horft til A.

Skógar-3417-090

Sérheiti: Bjarnaheystæði?

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1100m SSV af Skógabæ eru tvennar heytóftir í móa neðan þjóðveggar. 30m eru á milli tóftanna.

Lýsing

Nyrðri tóftin snýr NNA-SSV. Hún er 4,5x2,7m að utanmáli. Veggir eru um 30cm á hæð og um 30cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Þetta gæti verið Bjarnaheystæði það sem nefnt er í viðbótum við örnefnaskrá (bls. 1): „Á eftir Netlögn vantar Bjarnaheystæði; það er upp af Netlögn á holti utan við Stórumýri, niðri undir bakka.“



Mynd 84. Heytóft [3417-090]. Horft til NA.

Skógar-3417-091

Sérheiti: Heystæði

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofan við mýrarsund, syðst og vestast í landi Skóga 1, tæplega 1,7km VSV af bæ er heytóft sem byggð er ofan á annarri, eldri heytóft [3417-092].

Lýsing



Mynd 85. Heytóft [3417-091] til hægri en eldri heytóft [3417-092] til vinstri. Horft til SV.

Yngri heytóftin er minni og nær eldri tóftin lengra til austurs. Yngri tóftin er 8x5m að utanmáli og snýr A-V. Hún er þýfð og algróin. Veggir eru hærri að utan en lægri að innan. Þeir eru 30-70cm háir og mest 80cm breiðir. Tóftirnar eru mögulega á Heystæðisholti sem nefnt er hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 4): „Neðan við suðurendann á Skakkslægju er Heystæðisholt”.

Skógar-3417-092

Sérheiti: Heystæði

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst og vestast í landi Skóga 1, tæplega 1,7km VSV af bæ eru tvær heytóftir. Yngri heytóft [3417-091] er byggð ofan á eldri tóft sem nær lengra til austurs en yngri tóftin. Tóftin er neðarlega í aflíðandi brekku, ofan við blautan flóa.

Lýsing

Yngri tóftin [3417-091] er byggð á eldri heytóft sem nær 3m lengra til NA. Eldri tóftin er eins og yngri tóftin, sinugróin og þýfð en stendur lægra í landi. Veggir eru 30cm háir. Tóftirnar eru mögulega á Heystæðisholti sem nefnt er hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 4): „Neðan við suðurendann á Skakkslægju er Heystæðisholt”.



Mynd 86. Heytóft [3417-] er líklega byggð ofan á heytóft [3417-092] sem er til vinstri091 á mynd. Horft er til SA.

Skógar-3417-093

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst og vestast í landi Skóga 1, 1,7km VSV af bæ á Skógum eru tvær heytóftir [3417-091 og 092] og ofan þeirra er lyngi gróin heytóft sem líklega er eldri.

Lýsing

Tóftin snýr NA-SV og er 6,5x3x5m að utanmáli. Veggir eru 20-40cm háir og 90cm breiðir. Veggir eru lyngi grónir en gras er inni í tóftinni sem er gömul að sjá. Efnið í tóftina var stungið utan með henni.



Mynd 87. Heytóft [3417-093]. Horft er til NA.

Skógar-3417-094

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fremst í grónu móahalli ofan við mýrarflóa, 1,5km ofan við bæinn í Skógum er heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV-SA og er 7x8m að innanmáli. Niðurgroftur er á þrjá vegu umhverfis tóftina þar sem torfið hefur verið tekið í hana. Veggir eru 40cm þykkir og 30 cm háir, vaxnir grasi mosa og lyngi.



Mynd 88. Heytóft [3417-094]. Horft er til A.

Skógar-3417-095

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í miðjum mýrarflóa, um 1,2m ofan bæjar á Skógum er heytóft. Tóftin liggur 10m ofan við vegslóða, sem líklega er eftir fjórhjól.

Lýsing

Tóftin er upphækkuð, 5x2,5m að innanmáli. Torf í tóftina hefur verið tekið umhverfis hana. Veggir eru 50cm á hæð og 50cm á þykkt. Tóftin er vaxin grasi, mosa og lyngi.



Mynd 89. Heytóft [3417-095]. Horft er til S.

Skógar-3417-096

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fornleg heytóft er í móa 10m sunnan götunnar frá Skógum yfir í Selárdal.

Lýsing

Tóftin liggur NNV-SSA og hefur torfið verið tekið í móanum umhverfis hana. Tóftin er 2x4m að innanmáli. Veggir eru um 50cm á þykkt og 30cm á hæð. Tóftin er vaxin lyngi.



Mynd 90. Heytóft [3417-096]. Horft er til A.

Skógar-3417-097

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mýrarflóa, tæplega 1,3km NV af bæjarstæðinu á Skógum 1 er heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 4,5x3,5m að utanmáli. Veggir eru um 50cm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Tóftin var ekki skráð á vettvangi en sést glögglega á loftmynd og var mæld og teiknuð upp af henni.

Skógar-3417-098

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Götur liggja NV frá Skógum 1, yfir hálsinn og að Breiðamýri í Selárdal.

Lýsing

Göturnar voru að hluta skráðar á vettvangi og að hluta af loftmynd þar sem þær eru greinanlegar nánast alla leið milli bæjanna tveggja. Heildarvegalengd er um 3,4km, þar af eru 1,8km í landi Skóga.

Aðrar upplýsingar

Þarna var leiðin á milli Skóga og Selárdals og taldi heimildamaður að þetta hefði verið kerruvegur (Munnl. heimild: Kristín Jónsdóttir, 02.09.2025).



Mynd 91. Götur [3417-098] eru á köflum djúpar. Horft er til austurs.

Skógar-3417-099

Sérheiti: Náttmálavarða?

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á lítt grónum mel, 540m NV og upp af bæ á Skógum 1 er lítil gróin grjóthrúga, líklega smá varða.

Lýsing

Um er að ræða litla grjóthrúgu, 60x30cm að grunnmáli og 30cm há sem nú er yfirgróin og að breytast í fuglaþúfu.

Aðrar upplýsingar

Vörður 3417-099 og 102 eru líklegastar til að vera Náttmálavarða sú er nefnd er í örnefnaskrá Skóga (bls. 3): „Dokk liggur beint upp frá túninu og upp af henni er Náttmálavarða”.



Mynd 92. Varða [3417-099]. Horft er til SA, heim að bæ á Skógum 1. Hugsanlega Náttmálavarða sem getið er í örnefnaskrá.

Skógar-3417-100

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á grónum hól, 780m NV af bæ á Skógum 1 er grjóthrúga, líklega hrunin varða.

Lýsing

Grjóthrúgan er rúmlega metri að þvermáli og 30cm há.

Aðrar upplýsingar

Þetta er greinilega manngert en engin eiginleg hleðsla. Líklega hefur þarna verið lítil varða



Mynd 93. Grjóthrúga [3417-100]. Horft er til A.

Skógar-3417-101

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á grónum hól, 750m VNV af bæ á Skógum 1 er grjóthrúga, líklega hrunin varða.

Lýsing

Grjóthrúgan er 90x75cm að grunnmáli og hæst 40cm.

Aðrar upplýsingar

Lítill fuglaþúfa er að myndast á toppi hennar.



Mynd 94. Grjóthrúga [3417-101]. Horft er til N..

Skógar-3417-102

Sérheiti: Náttmálavarða?

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á mel, efst í brekku, 500m VNV af bæ á Skógum 1 er lítil varða.

Lýsing

Varðan er hrunin, 30cm há og 80cm að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

Vörður 3417-099 eða 102 eru líklegastar til að vera Náttmálavarða sú sem nefnd er í örnefnaskrá Skóga (bls. 3): „Dokk liggur beint upp frá túninu og upp af henni er Náttmálavarða”.



Mynd 95. Varða [3417-102]. Horft er til SA, heim að bæ á Skógum 1. Hugsanlega Náttmálavarða sem getið er í örnefnaskrá.

Skógar-3417-103

Hlutverk: Óþekkt, leikstaður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hleðsla er á og umhverfis stóran náttúrustein efst í brekku, 480m beint ofan við bæinn í Skógum.

Lýsing

Nokkrum steinum hefur verið hlaðið upp á stóran náttúrustein en hleðslan er mjög óveruleg. Steinar liggja í boga niður fyrir steininn.

Aðrar upplýsingar

Tilgangur þessarar hleðslu er óviss en þarna gæti hafa verið leiksvæði barna. Hleðslan er líklega á Miðaftanshól en um hann segir á bls. 3 í örnefnaskrá Skóga: „Miðaftanshóll. Fremri bæjarlækurinn nær þar upp í gegn um brúnina“.



Mynd 96. Hleðsla [3417-103]. Horft til SA.

Skógar-3417-104

Hlutverk: Óþekkt, leikstaður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 550m SV af bænum í Skógum er einföld grjóthleðsla.

Lýsing

Hleðslan er 1,8m að lengd og liggur í vinkel.

Aðrar upplýsingar

Tilgangur hleðslunnar er óþekktur en þarna gæti hafa verið leiksvæði barna.

Hleðslan er líklega á Miðaftanshól en um hann segir á bls. 3 í örnefnaskrá Skóga: *Miðaftanshóll*. Fremri bæjarlækurinn nær þar upp í gegn um brúnina“.



Mynd 97. Steinlögn [3417-104]. Horft er til ASA, heim að bæ á Skógum 1.

Skógar 3417-105

Sérheiti: Miðaftansvarða?

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða, hleðsla

Staðhættir

Á melkolli efst í brekku um 530m ofan við bæinn í Skógum.

Lýsing

Nokkrum steinum hefur verið hlaðið upp á stóran náttúrustein. Hleðslan er óvönduð og hrunin, um 30cm á hæð og ca. 70cm á breidd.

Aðrar upplýsingar



Mynd 98. Miðaftansvarða? [3417-105]. Horft til A.

Hleðslan er líklega á Miðaftanshól en um hann segir á bls. 3 í örnefnaskrá Skóga: „Miðaftanshóll. Fremri bæjarlækurinn nær þar upp í gegn um brúnina“. Núverandi ábúandi talar um *Miðaftansvörðu* og gæti þetta verið hún.



Mynd 99. Vörður [3417-106 og 107] á Tvívörðukinn. Horft er til NV.

Skógar-3417-106

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á merkjum Skóga 1 og Breiðumýrar, 2km VNV af bæjarstæðinu á Skógum 1 eru tvær litlar vörður á svonefndri Tvívörðukinn.

Lýsing

Austari varðan er heldur stærri en sú vestari eða um 50cm há. Merkjagirðingin er fast norðan við vörðuna.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 4): „Ofan við suðurendann á Skakkslægju er Kringlótta slægja. Þar fyrir ofan heitir Hjalli, sem er brattur melbarmur austan í Núpnum. Utan við hann er *Tvívörðukinn*“.

Skógar-3417-107

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á merkjum Skóga 1 og Breiðumýrar, 2km VNV af bæjarstæðinu á Skógum 1 eru tvær litlar vörður á svonefndri Tvívörðukinn.

Lýsing

Vestari varðan er minni og í raun aðeins nokkur grjót sem raðar er saman. Hún er um 30cm há.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Skóga (bls. 4): „Ofan við suðurendann á Skakkslægi er Kringlótta slægja. Þar fyrir ofan heitir Hjalli, sem er brattur melbarmur austan í Núpnum. Utan við hann er *Tvívörðukinn*”.

Skógar-3417-108

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Í brekku, 1,26km SV af bæ á Skógum 1 og rúma 250m upp af Skógavegi er grjóthrúga á lítt gróinni brekkubrún, hugsanlega hrunin varða.

Lýsing

Grjóthrúgan er 1x1-1,5m að grunnmáli og 40cm há. Lyngmói er umhverfis hrúguna en umhverfi annars lítt gróið.



Mynd 100. Grjóthrúga [3417-108], líklega leifar vörðu. Horft er til N.

Horfnar minjar og minjar sem ekki fundust við skráningu

Skógar-3417-109

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 87) er getið um myllutóft við bæjarlækinn sem sögð er gömul.

Lýsing

Tóftin fannst ekki við skráningu og heimildamaður kannaðist ekki við mylluna (Munnl. heimild: Kristín Jónsdóttir, 02.09.2025).

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 87) segir: „Gamalt: Ævagamlar *myllutættur* við bæjarlækinn skammt ofan við bæ. Frá s.hl. 19. aldar, að ætla má, túngarðar [3417-074], sáðgarðar [3417-062] og kvíar úr torfi og grjóti. Ekki hefur verið rótað við kvíunum eða myllutóttunum, en hitt horfið”. Í viðbótum við ornefnaskrá (bls. 3) segir: „Myllutunga er við Bæjarlækinn, skerst út úr Kvíatungu. Kvíar voru neðst í Hringnum; frá þeim er Kvíatunga niður undir þar sem fjárhúsin standa nú.“

Skógar-3417-110

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Sbr. heimild hér að neðan voru kvíar ofan við túnið en þær fundust ekki við skráningu og virðast horfnar og heimildamaður vissi ekki hvar þær hefðu verið (Munnl. heimild: Kristín Jónsdóttir, 02.09.2025).

Í búskaparannál Sveita og jarða (I. bindi, bls. 87) segir: „Gamalt: Ævagamlar myllutættur við bæjarlækinn skammt ofan við bæ. Frá s.hl. 19. aldar, að ætla má, túngarðar, sáðgarðar og *kvíar* úr torfi og grjóti. Ekki hefur verið rótað við kvíunum eða myllutóttunum, en hitt horfið”. Í viðbótum við örnefnaskrá Skóga (bls. 3) segir: „Myllutunga er við Bæjarlækinn, skerst út úr Kvíatungu. Kvíar voru neðst í Hringnum; frá þeim er Kvíatunga niður undir þar sem fjárhúsin standa nú.“

Skógar-3417-111

Sérheiti: Gamli-Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 2) segir: „Framan við Grjóthólsmýrina heitir Ytri-Stekkjargróf. – Þar framan við er Stekkjargróf og Neteyri neðan við grófina. Upp af Neteyri er Neteyrarkinn. – Þá er nafnlaus mýri ofan við Neteyrina. Þá kemur *Gamli-Stekkur* uppi undir Höllum”.

Aðrar upplýsingar

Gamli-Stekkur fannst ekki við skráningu 2025. Gæti hafa horfið við framræslu.

Skógar-3417-112

Sérheiti: Merkjavarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 1) er sagt frá landamerkjavörðu: „Að sunnan (suðvestan) úr Mjóakíl um Litlalæk, úr Litlalækjardragi í Merkjavörðu á Núpsbrún (ekki Landmælingavarða)”.

Aðrar upplýsingar

Ekki sást önnur varða en Landmælingarvarðan á Núpsbrún við skráningu vorið 2025.

Skógar-3417-113

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 1) er sagt frá landamerkjavörðu: „Að vestan (norðvestan) út há-Núp í vörðu á Flöguhraunsdökk (torfvarða)”.

Aðrar upplýsingar

Varðan sást ekki við skráningu vorið 2025, er líklega í landi Skóga 2.

Skógar-3417-114

Sérheiti: Háapúfa

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Skóga (bls. 3): „Þá kemur Háapúfa, sem er melkollur, með vörðu á (byrjunina á Höllum)”.

Aðrar upplýsingar

Varðan fannst ekki við skráningu sumarið 2025.

Skógar-3417-115

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í fasteignamati er getið um sumarfjós (Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. bls. 150-151, nr. 262).

Aðrar upplýsingar

Ekki er vitað hvar sumarfjósið var.

Samantekt

Í maí og júní 2025 voru skráðar minjar í landi Vakursstaða 2 og Skóga 1 í Vesturárdal í Vopnafirði. Um er að ræða heildarskráningu jarðanna eins og þær eru í dag. Nýbýlið Vakursstaðir 1 er stofnað um miðja 20. öld í landi upphafsbýlisins sem nú kallast Vakursstaðir 1. Skógajörðinni hefur verið skipt í þrennt og eru Skógar 1 á bæjarstæði upphafsbýlisins. Fornleifarnar sem skráðar voru teljast hefðbundnar menjar um búsetu, atvinnuhætti og landnýtingu til sveita, frá upphafi byggðar fram á 20. öld. Alls voru skráðar 116 minjar á jörðunum tveimur, 61 í landi Vakursstaða og 52 í landi Skóga. Af þeim 61 minjum sem skráðar voru í landi Vakursstaða var hægt að staðsetja 54 minjar með viðunandi nákvæmni, annaðhvort á vettvangi eða eftir heimildum. Af 55 minjum í landi Skóga var hægt að staðsetja 47 minjar.

Minjar í landi Vakursstaða 2

Vakursstaðir 2 eru nýbýli úr landi Vakursstaða og var sá hluti gamla Vakursstaða túnsins sem lá austan Bæjarlækjar í landi nýbýlisins. Í þeim hluta gamla túnsins eru leifar túngarðs [3417-013], við hann tóft [3417-014]. Brunnur [3417-015] var rétt ofan túns, notaður fyrir útihúsin neðar í túni. Neðarlega í túni eru óglöggar tóftir af útihúsum, líklega fjárhús [3417-016 og 017] og hesthús úr torfi og grjóti er enn uppistandandi [3417-018]. Í túninu neðan við bæjarstæðið á Vakursstöðum 2 var nátthagi [3417-019] og sést óljóst móta fyrir honum í túni. Þar eru einnig heimildir um garðlag sem kallað var Finnbogahringur [3417-020]. Hann er nú horfinn og sést heldur ekki á loftmyndum frá miðri 20. öld. Vestur af bæjarstæðinu er jarðsokkið garðlag [3417-021] sem afmarkar um hálf hektarara svæði. Innan þess eru nokkrar tóftir [3417-022-024] auk ummerkja um efnistöku [3417-025]. Tóftirnar innan garðs báru ekki greinileg ummerki þess að vera bæjar- eða útihúsatóftir og því óvíst hvort þarna hafi verið búseta, afgirt tún eða annarskonar nytjaeining.

Í brekkunum ofan við bæ er lítil varða [3417-034] og gildra á Gildruhóli [3417-033]. Upp af heiðarbrúninni er þúst með lítilli steinhleðslu [3417-035], mögulega Hundapúfa sem nefnd er í örnefnaskrá. Þar ofan við er Selhryggur og upp undir honum er torftökusvæði [3417-036] þar

sem líklega hefur verði tekið torf í heytóftir [3417-037, 038 og 039] sem eru yst á hryggnum. Sellækur rennur ofan og utan við Selhrygginn og norðan hans, ofan Selhryggjar, eru gamallegar seltóftir [3417-040 og 041]. Eftir Selhrygg liggur gata [3417-043] og við hana er lítil grjóthrúga [3417-042].

Um 300m NA af bæjarstæði Vakursstaða 2 eru leifar fornbylisins Úlfsstaða, sem standa á grasbala við samnefndan læk. Þar er tún (um 0,8ha), afgirt túngarði [3417-028] og innan þess bæjar- og útihúsatóftir [3417-026 og 027] auk yngri heytóftar [3417-060]. NA Úlfsstaða, utan garðs, eru tvennar tóftir [3417-029] og [3417-030] sem gætu báðar verið af stekkjum. Þar er einnig óglögg garðlag [3417-031]. Minjarnar á Úlfsstöðum og í nágrenni eru allar fremur greinilegar og því líklega ekki alveg frá elstu tíð en býlið gæti þó verið frá miðmiðöldum. Úti við Hvammslæk sem er á merkjum við Ljósstaði er stekkjartóft [3417-032].

Sá hluti lands Vakursstaða 2 sem er austan Vesturdalsár er í fyrrum landi býlisins Grafar, sem fór í eyði í lok 18. aldar. Það svæði var að hluta skráð í tengslum við lagningu Norðausturvegar árin 2005 og 2008. Í skýrslunni fá minjarnar ný númer en stuðst er við lýsingar úr fyrri skýrslu. Svæðið var gengið aftur og bættust þá við mógrafir [3417-056] og fornleg tóft [3417-052]. Túngarður eða vörslugarður [3417-050] er umhverfis veglegan hól sem er sunnan Grafarlækjar. Innan garðs er aðeins ein beitarhúsatóft [3417-049] og er því líklegra að þetta sé vörslugarður en túngarður. Bæjarstæði Grafar hefur líklega verið norðan Grafarlækjar þar sem nú eru uppistandandi fjárhús en það er utan skráningarsvæðis. Á Grafarlæk er ein torfbrú [3417-048]. Vestur af hólnum með garðlaginu eru tvær tóftir [3417-051 og 052]. SV af Gröf er dálítill dalur og rennur lækur eftir honum. Við lækinn eru mógrafir [3417-056] og þrjár mótóftir [3417-053-055]. Vestan vegarins sem liggur milli Norðausturvegar og Vakursstaðavegar er heytóft [3417-057]. Fyrir utan leifar vörslugarðs [3417-050], tóftar [3417-052] og tóftar [3417-051] eru minjar í nágrenni Grafar að líkindum frá því eftir að býlið lagðist af.

Ofan eða sunnan og austan Norðausturvegar eru 12 minjar. Þarna er úthagi og endurspegla minjarnar það. Af 12 minjum voru sex vörður og þar af ein [3418-005] eða tvær [3418-009] landamerkjavörður. Varða [3418-008] gæti markað göturnar [3417-010] sem liggja yfir hálsinn milli Vesturárdals og Hofsárdals. Hlutverk steinlagnar [3418-006] er óljóst en hún gæti verið leifar hruninnar vörðu. Ein heytóft [3418-001] var skráð innan svæðis og líkleg stekkjartóft [3418-007]. Erfitt getur reynst að meta aldur varða og annarra grjóthleðsla en báðar tóftirnar [3417-001] og [3417-007] eru fremur gamallegar að sjá og hafa líklega fremur tilheyrt Gröf en Vakursstöðum. Kirkjuleiðin að Hofi [3417-011] og göturnar [3417-010] yfir hálsinn að býlinu Felli í Hofsárdal hafa væntanlega legið á sama stað um aldir.

Auk minja sem skráðar voru á vettvangi er í heimildum getið um þrjár landamerkjavörður [3417-044, 045 og 046] sem ekki fundust við skráningu og eru líklega horfnar. Auk þess er getið um landamerkjavörðu [3417-047] sem óvíst er hvort sé innan svæðis. Auk þessa fundust ekki áveitugarður í Grafarnesi [3417-058] og mylla [3417-059], en hún gæti verið utan skráningarsvæðis.

Minjar í landi Skóga 1

Gamli torfbærinn [3417-061] á Skógum stóð skammt utan við núverandi íbúðarhús þar sem nú eru yngri byggingar. Hann var í notkun til ársins 1956. Ofan hans var matjurtagarður [3417-062] sem einnig er horfinn. Útihús [3417-067, 063, 064 og 065,] voru í túninu umhverfis bæinn og fjárhús [3417-066] , enn uppistandi og var í notkun fram um 1980. Austan þess er tóft kartöflu- og rófnageymslu [3417-068] á lækjarbakka. Ofan fjárhúsanna er hleðsla [3417-116], væntanlega leifar brúar yfir lækinn. Tvær tóftir eru efst í túni [3417-069 og 071] og ofan þeirra túngarður eða vegleg hleðsla [3417-075] undan girðingu. Annað afar óljóst garðlag sést í túninu, líklega leifar eldri túngarðs [3417-074]. Í vesturhorni túnsins er þúst, leifar gamla brunnsins [3417-072] en núverandi brunnur er ofan túns. Gamla heimreiðin [3417-073] hefur legið til SA, niður brekkuna framan við bæinn.

Neðan bæjar og neðan Skógavegar eru leifar grjóthlaðinnar réttar [3417-078] og nokkrar heytóftir [3417-079, 080, 081 og 083]. Ein tóft gæti verið naust [3417-082] fyrir lítinn bát. Utar eru leifar nátthaga [3417-085] og tóftir Græna-Stekkjar [3417-084] sem er út við merkin við Skóga 2. Nátthaginn var hlaðinn stuttu fyrir aldamótin 1900 fyrir markaðsfé frá bæjum norðan Sandvíkurheiðar sem var verið að flytja til skips á Vopnafirði.

Innan bæjar, neðan Skógavegar, sjást gömlu reiðgötturnar [3417-086] á köflum og fram af þeim er upphlaðinn vegkafli. Þarna lá gatan inn dalinn, meðfram Lænunni sem er kvísl úr Vesturdalsá. Götturnar lágu einnig út með Lónsbakkanum og áfram út eftir melunum sem eru að mestu leyti í landi Skóga 2. Syðst í landi Skóga, á milli Skógavegar og gömlu reiðgátnanna eru tvær heytóftir [3417-089 og 090] og heitir önnur þeirra að líkindum Bjarnaheystæði. Þarna er einnig vað [3417-087] á Vesturdalsá og var þar riðið yfir í Skógahólma en hann er syðsti hluti Skógalands.

Innan bæjar í hliðinni ofan túna eru þrennar minjar. Stekkur [3417-076] og tvær grjóthrúgur, leifar hruninna varða [3417-077 og 108].

Ofan bæjar, uppi á brún og í flóanum þar ofan við er fjöldi minja. Gata og kerruvegur [3417-098] sést enn í brekku upp frá bænum, yfir flóann og yfir í land Breiðumýrar í Selárdal. Í brekkunni ofan við bæinn og rétt upp af brekkubrúninni eru vörður og hleðslur [3417-099-105]. Tvær hleðslanna eru að líkindum eyktarmörk en hlutverk annarra er óljósara, mögulega hefur þarna verið leikstaður barna. Í flóanum ofan við bæinn er síðan fjöldi misgamalla heytófta [3417-094-097 og 091-093].


Auk minja sem skráðar voru á vettvangi eru níu minjar sem skráðar voru upp úr heimildum en fundust ekki á vettvangi. Heimildir eru um myllu [3417-109] og kvíar [3417-110] í námunda við bæjarstæðið en hvorug fannst við vettvangsskráningu og eru að líkindum horfnar. Sumarfjóss [3417-115] er getið í heimildum en óvíst hvar það stóð. Tóftir Gamla-Stekkjar [3417-111] fundust ekki en minjarnar gætu hafa horfið við framræslu. Tvær landamerkjavörður [3417-112 og 113] fundust ekki við skráningu og ekki varða [3417-114].

Hættumat

Við skráningu er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír hættu flokkar, engin hætta, hætta og mikil hætta.²² Minjarnar sem skráðar voru á vettvangi voru almennt ekki taldar í annarri hættu en þeirri sem mögulega getur hlotist af fyrirhugaðri skógrækt. Þó var fjárhústöft [3417-065] í túninu á Skógum 1 talin í **mikilli hættu** vegna rasks en hún hefur þegar skemmst vegna vatnslagnar og heytóft [3417-080] er talin í **hættu** vegna nálægðrar við ruslagryfju.

Á Skógum 1 lágu ekki fyrir upplýsingar um fyrirhuguð skógræktarsvæði og því eru allar minjar innan merkja jarðarinnar metnar í mögulegri hættu vegna skógræktar.


Á Vakursstöðum 2 var búið að skilgreina skógræktarsvæði norðan ár, ofan bæjarstæðisins. Innan þess svæðis eru tvennar minjar, annars vegar refagildra/varða [3417-033] og hins vegar varða [3417-034] (mynd 101).



Mynd 101. Skógræktarsvæði í landi Vakursstaða 2, norðan Vesturdalsár, er merkt með appelsínugulri brotalínu. Innan svæðis eru tvennar minjar [3417-033 og 034] sem báðar eru taldar í hættu vegna trjáræktar.

Skógræktarsvæði hefur einnig verið skilgreint austan ár, ofan Norðausturvegar. Þar eru minjar [3417-001, 002, 003, 004, 006, 007, 008, 009, 010 og 011] skráðar í hættu vegna skógræktar (mynd 102).

²² https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf



Mynd 102. Skógræktarsvæði í landi Vakursstaða 2, sunnan Vesturdalsár, er merkt með appelsínugulri brotalínu. Innan svæðis eru tíu minjar [3417-001, 002, 003, 004, 006, 007, 008, 009, 010 og 011] sem taldar eru í hættu vegna trjáræktar.

Yfirlit yfir minjar í hættu er að finna í hnitaskrá í viðauka. Hættumat er hér einungis bundið þeim skráningarsvæðum sem voru þekkt þegar skráningin fór fram. Ef breytingar verða á skipulagi skógræktar breytist hættumat til samræmis.

Við skipulag skógræktar er mikilvægt að tekið sé tillit til minja innan skógræktarsvæða. Gefa þarf minjum nægilegt rými og þar sem um minjaheildir er að ræða ber að gæta þess að planta ekki trjáum þannig að þær missi samhengi sitt. Samkvæmt lögum um menningarminjar er 15m friðhelgað svæði umhverfis fornleifar og miðast það við ystu sýnileg mörk. Rætur trjáa eru skaðlegar fornleifum á yfirborði, en ekki síður þeim hluta minjalandslagsins sem liggur neðanjarðar. Rætur trjáa og annars gróðurs brýtur upp og aflagar jarðlög sem rýrir fornleifafræðilegt samhengi, og þar með upplýsingagildi jarðlægra fornleifa.

Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmdasvæðum eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2025). *Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Vakursstaða 2. Vopnafirði*. Rannsóknarskýrslur 2025/4.

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers*. Glerup.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Sögufélag og Örnefnastofnun.

Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. 2005. Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. 2008/77. Sótt af: <https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2008-77-vopnafjordur.pdf>

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. 2005. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði*. 2005/47. Sótt af: https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur_0-49/bsk-2005-47.pdf

Íslenskt fornbréfasafn. Fimmta bindi. 1330-1476. Hið íslenska bókmenntafélag, 1899-1902.

Íslenskt fornbréfasafn. Sjöunda bindi. 1170-1505. Hið íslenska bókmenntafélag, 1803-1907.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S.Trier.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I (1974). Búnaðarsamband Austurlands.

Óprentaðar heimildir

Jarða- og fasteignavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðað 15.04.2025 á <https://jardir.skjalasafn.is/> Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. Vakursstaðir, bls. 140-142, nr. 257.

Jarða- og fasteignavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðað 15.04.2025 á <https://jardir.skjalasafn.is/> Fasteignamat (1916-1918). Múlasýsla, norður – Undirmat II. Skógar, bls. 149-150, nr. 262.

Náttúrufræðistofnun – Loftmyndasjá. AMS52- 2-2-136, AMS19-2-1-111, DMA37-0664
Sótt af <https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja> Þann 10.04.2025.

Túnakort sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns. Skoðað 18.09.2025 á <https://heimildir.is/>
Skógar, Vopnafjarðarhreppi. Norður-Múlasýslu. Helgi Gíslason. Sótt af <https://testbirting.manntal.is/>, þann 10.04.2025

Vakursstaðir, Vopnafjarðarhreppi. Norður-Múlasýslu. Helgi Gíslason. Sótt af <https://testbirting.manntal.is/>, þann 10.04.2025

Örnefnaskrá Vakursstaða Sr. Jakob Einarsson skráði (Heimildamenn: Sigurður Pétursson ofl.). Örnefnastofnun Íslands. Sótt á <https://nafnid.is/> þann 10.04.2025.

Örnefnaskrá Skóga. Jakob Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Skógar. Viðbætur. Hermann Guðmundsson skráði, 1977. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður

Lög um menningarminjar sótt á heimasíðu Alþingis. Skoðað 10.04.2025
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 10.04.2025
www.manntal.is

Sóknarmanntöl á vef Þjóðskjalasafns Íslands. Hofssókn. Skoðað 10.04.2025
<https://salnaregistur.manntal.is/>
Gröf. Sóknarmanntal 1785.

Fylgiskjöl



Vakursstaðir 2 - minjar í heimatúni og norður að merkjum



3417-032

3417-030

3417-029

3417-031

Úlfsstaðir

3417-060

3417-028

3417-026

Úlfsstaðalækur

3417-027

Ekrulækur

3417-024

3417-021

3417-022

3417-023

3417-025

Vakursstaðir 2

3417-019

3417-015

3417-014

3417-013

3417-016

3417-017

3417-018


Bæjarlækur

Vakursstaðir 1

0 100 200 300 m




Vakursstaðir 2 - Minjar við Selhrygg



Skógar 1 - minjar í og nærri heimatúni



Skógar 1 - minjar utan túna



3417 - Vakursstaðir 2 og Skógar 1 - hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3417-001	Vakursstaðir 2		heygeymsla	tóft	1700	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	684653	583784
3417-002	Vakursstaðir 2		kennimark	grjóthrúga	1700	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	684843	583791
3417-003	Vakursstaðir 2		kennimark	varða	1700	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	684961	583713
3417-004	Vakursstaðir 2		kennimark	varða	1700	1920	heilleg	hætta	trjárækt	684940	583655
3417-005	Vakursstaðir 2		kennimark	varða	1800	1950	heillegar	engin hætta		684447	582667
3417-006	Vakursstaðir 2		óþekkt	steinalögn	800	1900	greinanleg	hætta	trjárækt	684675	583213
3417-007	Vakursstaðir 2		óþekkt, stekkur	tóft	1400	1800	greinanleg	hætta	trjárækt	684553	583225
3417-008	Vakursstaðir 2		kennimark	grjóthrúga	1700	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	684343	583373
3417-009	Vakursstaðir 2		kennimark	grjóthrúga	1700	1900	vel greinanleg	hætta	trjárækt	684025	583332
3417-010	Vakursstaðir 2		leið	gata	1000	1992	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	684402	583073
3417-011	Vakursstaðir 2		leið	gata	1000	1930	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	684180	583241
3417-012	Vakursstaðir 2		kennimark	heimild	1500	1900	sést ekki				
3417-013	Vakursstaðir 2		túngarður	garðlag	1700	1960	vel greinanlegar	engin hætta		683698	585103
3417-014	Vakursstaðir 2		útihús	tóft	1800	1930	vel greinanlegar	engin hætta		683680	585103
3417-015	Vakursstaðir 2		brunnur	tóft, niðurgröftur	1800	1950	vel greinanlegar	engin hætta		683673	585133
3417-016	Vakursstaðir 2		fjárhús	dæld	1800	1950	illgreinanlegar	engin hætta		683736	585077
3417-017	Vakursstaðir 2		útihús	dæld	1800	1950	illgreinanlegar	engin hætta		683720	585067
3417-018	Vakursstaðir 2		hesthús	hús	1800	1980	vel greinanlegar	engin hætta		683775	585047
3417-019	Vakursstaðir 2		nátthagi	garðlag	1700	1900	illgreinanleg	engin hætta		684215	585139
3417-020	Vakursstaðir 2		óþekkt, túngarður	heimild	1700	1930	sést ekki				
3417-021	Vakursstaðir 2		vörslugarður, túngarður	garðlag	1000	1600	vel greinanlegar	engin hætta		683878	585328
3417-022	Vakursstaðir 2		óþekkt	tóft, niðurgröftur	1000	1600	vel greinanlegar	engin hætta		683876	585297
3417-023	Vakursstaðir 2		óþekkt	tóft	1000	1600	vel greinanlegar	engin hætta		683824	585298
3417-024	Vakursstaðir 2		óþekkt, heygeymsla	tóft	1700	1920	vel greinanlegar	engin hætta		683808	585326
3417-025	Vakursstaðir 2			niðurgröftur	1700	1920	vel greinanlegar	engin hætta		683854	585293
3417-026	Vakursstaðir 2	Úlfsstaðir	óþekkt, híbýli, útihús	tóft	1100	1500	greinanlegar	engin hætta		684293	585590
3417-027	Vakursstaðir 2	Úlfsstaðir	híbýli, útihús	tóft	1100	1500	vel greinanlegar	engin hætta		684293	585541
3417-028	Vakursstaðir 2		túngarður	garðlag	1100	1500	vel greinanlegar	engin hætta		684263	585549
3417-029	Vakursstaðir 2		óþekkt, stekkur	tóft	1100	1500	vel greinanlegar	engin hætta		684292	585651
3417-030	Vakursstaðir 2		óþekkt, stekkur	tóft	1100	1800	vel greinanlegar	engin hætta		684396	585708

3417 - Vakursstaðir 2 og Skógar 1 - hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3417-031	Vakursstaðir 2		óþekkt	garðlag	1100	1800	greinanlegar	engin hætta		684425	585680
3417-032	Vakursstaðir 2		stekkur	tóft	1600	1900	vel greinanlegar	engin hætta		684468	585853
3417-033	Vakursstaðir 2		gíldra, kennimark	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	683131	586126
3417-034	Vakursstaðir 2		kennimark	varða	1700	1950	vel greinanleg	hætta	trjárækt	683101	585521
3417-035	Vakursstaðir 2	Hundaþúfa	óþekkt	þúst	1000	1900	greinanleg	engin hætta		682181	586151
3417-036	Vakursstaðir 2		torftökustaður	niðurgroftur	1700	1900	vel greinanleg	enginhætta		681944	586567
3417-037	Vakursstaðir 2		heygeymsla	tóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta		681993	586628
3417-038	Vakursstaðir 2		heygeymsla	tóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta		681993	586613
3417-039	Vakursstaðir 2		heygeymsla	tóft	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		681933	586586
3417-040	Vakursstaðir 2	Sel	sel	tóft	1300	1700	vel greinanleg	engin hætta		681793	586627
3417-041	Vakursstaðir 2	Sel	sel	tóft	1300	1700	vel greinanleg	engin hætta		681789	586664
3417-042	Vakursstaðir 2		kennimark	grjóthrúga	1800	2000	greinanleg	engin hætta		681760	586410
3417-043	Vakursstaðir 2		leið	gata	1000	1950	vel greinanleg	engin hætta		681677	586317
3417-044	Vakursstaðir 2		kennimark	heimild	1500	1900	sést ekki				
3417-045	Vakursstaðir 2		kennimark	heimild	1500	1900	sést ekki				
3417-046	Vakursstaðir 2		kennimark	heimild	1500	1900	sést ekki				
3417-047	Vakursstaðir 2		kennimark	heimild	1500	1900	ómetið				
3417-048	Vakursstaðir 2		brú	hleðsla	1700	1950	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684610	584486
3417-049	Vakursstaðir 2		beitarhús	tóft	1700	1900	vel greinanleg	hætta	trjáræktar	684502	584470
3417-050	Vakursstaðir 2		túngarður, vörslugarður	garðlag	1200	1800	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684551	584474
3417-051	Vakursstaðir 2		útihús	tóft	1600	1900	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684377	584526
3417-052	Vakursstaðir 2		útihús	tóft	1500	1800	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684343	584499
3417-053	Vakursstaðir 2		mógeymsla	tóft	1800	1930	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684333	584359
3417-054	Vakursstaðir 2		mógeymsla	tóft	1800	1930	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684310	584314
3417-055	Vakursstaðir 2		mógeymsla	þúst	1800	1930	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684307	584305
3417-056	Vakursstaðir 2		mógrafir	niðurgroftur	1800	1930	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	684316	584287
3417-057	Vakursstaðir 2		heygeymsla	tóft	1800	1950	vel greinanlegar	hætta	trjáræktar	683862	583794
3417-058	Vakursstaðir 2		áveita	heimild	1700	1930	sést ekki				
3417-059	Vakursstaðir 2		mylla	heimild	1800	1900	sést ekki				
3417-060	Vakursstaðir 2	Úlfsstaðir	óþekkt, útihús, heygeymsla	tóft	1700	1920	greinanlegar	engin hætta		684297	585595

3417 - Vakursstaðir 2 og Skógar 1 - hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3417-061	Skógar 1		híbyli	heimild	1000	1956	sést ekki			687862	591034
3417-062	Skógar 1		matjurtagarður	heimild	1800	1930	sést ekki			687851	591060
3417-063	Skógar 1		útihús, hesthús	dæld	1850	1970	illgreinanleg	hætta	trjárækt	687807	591007
3417-064	Skógar 1		útihús	heimild	1850	1970	sést ekki			687788	590956
3417-065	Skógar 1		fjánhús, hesthús, hlaða	tóft	1850	1970	vel greinanlegar	mikil hætta	rask, trjárækt	687785	591020
3417-066	Skógar 1		fjánhús	hús	1900	1980	heillegar	hætta	trjárækt	687892	591123
3417-067	Skógar 1		fjánhús	heimild	1800	1960	sést ekki			687856	591092
3417-068	Skógar 1		útihús, kartöflugeymsla	tóft	1850	1970	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687903	591129
3417-069	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1700	1900	greinanlegar	hætta	trjárækt	687813	591173
3417-070	Vakursstaðir 2		mylla	heimild	1800	1900	sést ekki				
3417-071	Skógar 1		óþekkt	hleðsla	1800	1960	greinanlegar	hætta	trjárækt	687822	591153
3417-072	Skógar 1		brunnur	þúst	800	1950	greinanlegar	hætta	trjárækt	687692	591039
3417-073	Skógar 1		leið	heimild	1850	1970	illgreinanlegar	hætta	trjárækt	687958	590945
3417-074	Skógar 1		túngarður	garðlag	1500	1900	illgreinanlegar	hætta	trjárækt	687777	591054
3417-075	Skógar 1		túngarður, girðing	garðlag	1920	1950	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687818	591206
3417-076	Skógar 1	Stekkur	stekkur	tóft	1700	1920	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687217	590754
3417-077	Skógar 1		kennimark	grjóthrúga	1700	1920	greinanlegar	hætta	trjárækt	687305	590439
3417-078	Skógar 1		rétt	hleðsla	1850	1950	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	688103	590906
3417-079	Skógar 1		heygeymsla	þúst	1800	1930	greinanlegar	hætta	trjárækt	688074	590807
3417-080	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1800	1930	vel greinanlegar	hætta	rask, trjárækt	688247	590980
3417-081	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1700	1900	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	688258	590921
3417-082	Skógar 1		óþekkt, naust	tóft	1500	1900	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	688278	590969
3417-083	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1900	1930	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	688208	591058
3417-084	Skógar 1	Græni-Stekkur	stekkur	tóft	1500	1900	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	688296	591385
3417-085	Skógar 1	Nátthagi	nátthagi	garðlag	1800	1930	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	688217	591179
3417-086	Skógar 1		leið	gata	1000	1960	greinanlegar	hætta	trjárækt	687726	590230
3417-087	Skógar 1		vað	vað	1000	1980	ómetið	hætta	trjárækt	687774	590080
3417-088	Skógar 1		leið	gata	1000	1950	greinanlegar	hætta	trjárækt	687726	590230
3417-089	Skógar 1	Bjarnaheystæði	heygeymsla	tóft	1800	1940	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687549	589942
3417-090	Skógar 1	Bjarnaheystæði	heygeymsla	tóft	1800	1940	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687544	589972

3417 - Vakursstaðir 2 og Skógar 1 - hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3417-091	Skógar 1	Heystæði	heygeymsla	tóft	1800	1940	vel vel greinanlegar	hætta	trjárækt	686284	590523
3417-092	Skógar 1	Heystæði	heygeymsla	tóft	1800	1940	greinanlegar	hætta	trjárækt	686291	590528
3417-093	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1500	1940	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	686232	590569
3417-094	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1800	1940	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	686441	591481
3417-095	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1800	1940	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	686746	591614
3417-096	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1700	1900	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	686706	591987
3417-097	Skógar 1		heygeymsla	tóft	1800	1940	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	686982	591982
3417-098	Skógar 1		leið	gata	1000	1920	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	686944	591805
3417-099	Skógar 1	Náttmálavarða?	kennimark	varða	1700	1900	greinanlegar	hætta	trjárækt	687462	591402
3417-100	Skógar 1		kennimark	grjóthrúga	1700	1900	greinanleg	hætta	trjárækt	687444	591696
3417-101	Skógar 1		kennimark	grjóthrúga	1700	1900	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687229	591415
3417-102	Skógar 1	Náttmálavarða?	kennimark	varða	1700	1920	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687456	591338
3417-103	Skógar 1		óþekkt, leikstaður	hleðsla	1800	1950	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687456	591297
3417-104	Skógar 1		óþekkt, leikstaður	hleðsla	1800	1950	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687360	591257
3417-105	Skógar 1	Miðaftansvarða?	kennimark	varða, hleðsla	1700	1920	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	687357	591243
3417-106	Skógar 1		kennimark	varða	1700	1950	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	685910	591519
3417-107	Skógar 1		kennimark	varða	1700	1950	vel greinanlegar	hætta	trjárækt	685899	591505
3417-108	Skógar 1		kennimark	grjóthrúga	1700	1900	greinanlegar	hætta	trjárækt	687187	589957
3417-109	Skógar 1		mylla	heimild	1800	1900	sést ekki				
3417-110	Skógar 1		kvíar	heimild	1700	1900	sést ekki				
3417-111	Skógar 1	Gamli-Stekkur	stekkur	heimild	1300	1900	ómetið				
3417-112	Skógar 1	Merkjavarða	landamerki	heimild	1000	1900	ómetið				
3417-113	Skógar 1		landamerki	heimild	1000	1900	ómetið				
3417-114	Skógar 1	Háapúfa	kennimark	heimild	1000	1900	ómetið				
3417-115	Skógar 1		fjós	heimild	1850	1930	sést ekki				
3417-116	Skógar 1		brú	hleðsla	1900	1980	greinanleg	hætta	trjárækt	687886	591142